# FRÉTTABLAÐIÐ

163. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 12. JÚLÍ 2016


## Víðtæk leit gerð að Pokémonum



**Snjalltækjaleikurinn Pokémon Go kom út fyrir sex dögum. Leikurinn er spilaður í gegnum myndavél snjallsíma. Til þess að fanga Pokémona þarf sá sem spilar að fara á milli staða í raunheiminum. Þó að leikurinn sé ekki formlega kominn í App Store á Íslandi spilar fjöldi Íslendinga leikinn nú þegar eftir öðrum leiðum.** Sjá síðu 24 FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Bændur munu ekki fallast á að stytta tíu ára búvörusamninga

**Formaður Bændasamtakanna segir landbúnaðarráðuneytið ekki hafa haft nægilega sterkt umboð frá Alþingi þegar ráðist var í gerð búvörusamninga. Miklar breytingar muni kalla á nýjar samningaviðræður. Að sögn varaformanns fjárlaganefndar gætu samningarnir óbreyttir sett hagræðingu síðustu ára í uppnám.**

**LANDBÚNAÐUR** Bændur munu ekki taka því þegjandi ef Alþingi gerir grundvallarbreytingar á búvörusamningum. Horft verður fram hjá minniháttar orðalagsbreytingum og að agnúa séu sniðnir af en verði breytingarnar meiri en svo munu bændur fara fram á að koma aftur að samningaborðinu og jafnvel kjósa að nýju.

Þetta segir Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtakanna. Fréttablaðið greindi frá því í gær að ekkert benti til þess að meirihluti væri fyrir búvörusamningum á Alþingi eins og þeir standa nú.

Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og varaformaður fjárlaganefndar Alþingis, segist munu gera allt sem í hans valdi stendur til að ákveðnar breytingar verði gerðar. Hann hafi áhyggjur af því að búvörusamningar setji hagræðingu síðustu ára í uppnám.

„Ef menn sjá eitthvað í samningunum sem er augljóst að þurfi að færa til betri vegar, meðal annars vegna þess að það stenst ekki lög

> Ég held það megi orða það þannig að ef ráðuneyti landbúnaðarmála hefði nú kannski unnið þetta opnara og meira með þinginu þá værum við ekki í þessari stöðu í dag.
>
> Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands



eða slíkt, þá er eðlilegt að það sé skoðað. En grundvallarskipulag og uppsetning samninganna verður að standa að mínu mati,“ segir Sindri.

Að sögn Sindra lagði hver og einn bóndi mat á áhrif samninganna gagnvart sér þegar hann tók ákvörðun um hvort hann greiddi atkvæði með eða á móti samningunum.



**Búvörusamningarnir fela í sér milljarða útgjöld fyrir ríkið.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ef menn ætla að gera einhverjar breytingar sem hafa áhrif á það, breytingar sem munu lækka greiðslur eða raska framleiðsluskipulagi þannig að það komi niður á einstaka bændum, þá erum við komin á þann stað að verið sé að gera of veigamiklar breytingar,“ segir hann.

Um væri að ræða grundvallarbreytingu ef Alþingi vill stytta samningstímann að sögn Sindra. Margir hafa gagnrýnt að samningstíminn sé tíu ár og nái þar með yfir tvö og hálft kjörtímabil. Það er meðal annars þess vegna sem málið er komið í hnút.

Sindri segir að samningsferlið hafi verið opið þeirra megin allan tímann og bændum kynnt vel hvað stæði til að gera.

„Ég held það megi orða það þannig að ef ráðuneyti landbúnaðarmála hefði nú kannski unnið þetta opnara og meira með þinginu þá værum við ekki í þessari stöðu í dag. Þetta er spurning um umboð viðsemjandans hinum megin frá,“ segir Sindri.

Tollasamningur Íslands við ESB gengur að sumu leyti í berhögg við búnaðarsamninga. Sindri segir að starfshópur bænda hafi unnið að því að milda áhrif tollasamningsins.

„Við gerðum kröfu um að búvörusamningarnir yrðu kláraðir áður en menn myndu ákveða tollasamning.“ snaeros@frettabladid.is

## Fréttablaðið í dag


**FRÉTTIR** Bigir Þór Bieltvedt hefur keypt Café París. 10

**SKOÐUN** Skerðing lífeyris er eignaupptaka, segir Björgvin Guðmundsson. 12

**SPORT** Ísland er stærsta litla fótboltalandið í Evrópu. 14

**LÍFIÐ** Sturla Atlas talar inn á nýjustu Ice Age myndina. 26

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


Endalaust 365

NET

1.000 KR.*

ÓTAKMARKAÐ GAGNAMAGN

* Fylgir með völdum tilboðspökkum. Undanskilið er aðgangsgjald og leiga á beini. Nánari upplýsingar á 365.is

1817 | 365.is

## Veður




Norðlæg átt á landinu í dag og víða fremur hægur vindur. Skýjað og dálítil rigning um landið austanvert, þurrt og bjart að mestu vestantil á landinu, en dálítlar skúrir sunnanlands. Hiti frá 6 til 17 stig, hlýjast suðvestanlands.

SJÁ SÍÐU 18



**Malin Brand.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fjárkúgun enn á borði saksóknara

**LÖGREGLUMÁL** Héraðssaksóknari tekur innan tíðar ákvörðun um það hvort systurnar Hlín Einarsdóttir og Malín Brand muni sæta ákæru fyrir tilraun til að kúga fé út úr Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni er hann var forsætisráðherra. Málið er komið á borð saksóknara en nýtur ekki forgangs innan embættisins.

Systurnar voru handteknar í lok maí í fyrra í umfangsmiklum aðgerðum sérsveitar Ríkislögreglustjóra. Í þeim var bíll forsætisráðherra notaður til að koma fyrir tösku með peningum eftir gefnum leiðbeiningum systranna.

Í kjölfarið kom upp annað mál tengt systrunum. Maður sem Hlín ber að hafi nauðgað sér nokkrum vikum áður fór að kröfu systranna og greiddi þeim peninga gegn því að sleppa við kæru. Rannsókn á því máli tafði fjárkúgunarmálið innan lögreglukerfisins svo ekki var hægt að senda það til héraðssaksóknara fyrr en nú.

Kolbrún Benediktsdóttir, varahéraðssaksóknari, segir að líklega verði málið tekið fyrir fljótlega eða þegar tími gefst til. **– snæ**

## Líkamlegt ljóð



**Mushimaru Fujieda er þekktur Butoh-dansari og er í sinni fyrstu heimsókn til Íslands. Fujieda dansaði í Listasafni Íslands í gær. Hann hóf feril sinn með leikhópnum Ishinha árið 1972 og árið 1989 starfaði hann með beat-skáldinu Allen Ginsberg í New York.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Hermenn stjórnarandstöðu.** MYND/EPA

# Vopnahléi lýst yfir í S-Súdan

**SUÐUR-SÚDAN** Salva Kiir, forseti Suður-Súdans, hefur lýst yfir einhliða vopnahléi. Bardagar í Suður-Súdan hafa staðið síðan á fimmtudag og að minnsta kosti þrjú hundruð almennir borgarar hafa fallið.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hvatti til vopnahlés á sunnudag en óttast er að borgarastyrjöld brjótist út í Suður-Súdan að nýju. Í gær óskaði Ban Ki-Moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, eftir banni á sölu á vopnum til stríðandi fylkinga í Suður-Súdan og að friðargæsla Sameinuðu þjóðanna yrði efld þar í landi. **– kbg**

# Átta mánaða barn eitt í bíl utan við Smáralind

Átta mánaða gamalt barn var skilið eftir eitt í bíl á bílaplani Smáralindar. Hringt var í móður barnsins sem kom ekki fyrr en eftir tíu mínútur. Framkvæmdastjóri Barnaverndar segir að tilkynningum um slík mál hafi fjölgað að undanförnu.

**SAMFÉLAG** „Auðvitað er ekki í lagi að skilja barn eftir eitt í bíl,“ segir Halldóra Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur, en á sunnudaginn var átta mánaða gamalt barn skilið eftir í bíl á bílastæði Smáralindar.

Í Facebook-hópnum Mæðratips skapaðist umræða um málið en þar segir kona sem kom auga á barnið að hún hafi beðið í um tíu mínútur hjá bílnum til þess að athuga hvort foreldrar barnsins kæmu. Þá hafi hún farið og látið öryggisvörð vita. Samkvæmt upplýsingum frá Smáralind var það vegfarandi sem varð var við barnið í bílnum og tilkynnti um atvikið.

Þjónustuborð Smáralindar hafa aðgang að ökutækjaskrá og geta því fengið upplýsingar um það hver eigandinn sé. Hringt var í móður barnsins sem kom að bílnum um tíu mínútum eftir að hún fékk símtalið. Barnið var því eitt í bílnum í að minnsta kosti tuttugu mínútur.

„Haft var uppi á móðurinni strax en við reynum að leysa úr öllum málum sem koma upp eins og kostur er,“ segir Sturla Gunnar Eðvarðsson, framkvæmdastjóri Smáralindar, og bætir við að ekki hafi verið talið tilefni til að hringja í lögreglu. Sólin skein ekki á bílinn og rifa var á rúðunni.

Halldóra segir að undanfarið hafi komið fleiri tilkynningar um börn sem skilin eru eftir í bílum inn á borð Barnaverndar.

„Það er aukin umræða og fólk veltir þessu fyrir sér,“ segir hún og bætir við að á árum áður hafi verið hefð fyrir því að það væri í lagi að skilja börn eftir í smá tíma. Það sé hins vegar að breytast. „Þegar við fáum slíkar tilkynningar er það oftast vegna þess að fólki ofbýður tímalengdin. Oftast er það þó lögreglan sem fær tilkynningarnar og hún tilkynnir okkur ef foreldrar koma ekki mjög fljótlega á staðinn,“ segir Halldóra og ítrekar að henni finnist meginreglan vera sú að ekki eigi að skilja börn eftir ein úti í bíl.



**Framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur segir engin lög vera um að ekki megi skilja börn eftir ein í bílum.** NORDICPHOTOS/GETTY

> **Haft var uppi á móðurinni strax en við reynum að leysa úr öllum málum sem koma upp eins og kostur er.**
>
> Sturlu Gunnar Eðvarðsson, framkvæmdastjóri Smáralindar

nadine@frettabladid.is







MILLJÓNAÆVINTÝRIÐ HELDUR ÁFRAM

DRÖGUM KL. 18.00 Í DAG

HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS

*Vænlegast til vinnings*

PIPAR\TBWA • SÍA • 163344

# Rannsókn í Seðlabanka á aflandsfélagaviðskiptum

**FJÁRMÁL** Lögfræðingum hjá Seðlabanka Íslands hefur verið falið það verkefni að skoða tengsl aflandsfélagaviðskipta Finns Ingólfssonar, fyrrverandi seðlabankastjóra, við störf hans hjá bankanum.

Þetta kom fram í útvarpsfréttum RÚV í gærkvöldi.

Athugun þessi er gerð að beiðni bankaráðs Seðlabankans.

Í umfjöllun um Panama-skjölin í vor kom fram að Finnur Ingólfsson átti árið 2007 aflandsfélag í félagi við Helga S. Guðmundsson, sem þá var formaður bankaráðs Landsbanka Íslands.



Finnur Ingólfsson var seðlabankastjóri á árunum 2000 til 2002.

Félagið bar nafnið Adair en í samtali við Vísi fyrr á þessu ári sagði Finnur að félagið hefði verið stofnað í gegnum Landsbankann í Lúxemborg.

Að sögn Finns voru fjárfestingar í félaginu sáralitlar en höfðu í för með sér talsvert tap fyrir þá Helga. Það tap hafi verið gert upp við Landsbankann árið 2010 og félaginu í kjölfarið lokað.

Mál Finns og Helga var að sögn RÚV tekið upp innan Seðlabankans strax daginn eftir að fjallað var um það í Kastljósi RÚV en niðurstaða hefur ekki fengist í það ennþá. „Þetta er vitleysa, ég stofnaði félagið sem um ræðir árið 2007, fimm árum eftir að ég lauk störfum hjá Seðlabankanum,“ segir Finnur. **– kbg/jóe**



Lítið er eftir af vörum Örnu í stórverslun í Reykjavík. MYND/ÓS

## Örnuvörur seljast glatt

**LANDBÚNAÐUR** Eftirspurn eftir mjólkurvörum frá mjólkurvinnslunni Örnu hefur aukist mikið síðan MS var sektað um tæpan hálfan milljarð fyrir brot á samkeppnislögum. Neytendur hafa stundum gripið í tómt og eru hillur í stórverslunum að tæmast af vörum þeirra.

Þegar Samkeppniseftirlitið lagði 370 milljóna króna sekt á Mjólkursamsöluna í september 2014 varð einnig mikil aukning á sölu á vörum frá Örnu.

„Við höfum orðið vör við að það er aukinn áhugi á okkar vörum, við gerum okkar besta til að ná að anna eftirspurn, við höfum gengið áður í gegnum svipað ástand,“ segir Hálfdán Óskarsson hjá Örnu. „Okkur finnst að við eigum ekki að greiða hærra verð en aðrir mjólkurframleiðendur og að niðurstaðan verði sú á endanum að við sitjum við sama borð og aðrir.“ **– kbg**

## Fleiri hjartaáföll á skattlausu ári

**HEILSA** Líkur á hjartaáföllum jukust meira hjá karlmönnum á aldrinum 45 til 54 ára á skattlausa árinu 1987 en hjá karlmönnum á aldrinum 55 til 64 ára. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn fræðimanna við Háskóla Íslands sem birtist nýlega í vísindatímaritinu Journal of Health Economics.

Möguleg skýring á því er sögð vera sú að mennirnir í yngri aldurshópnum juku meira við sig í vinnu þetta árið en þeir eldri til að nýta skattlausa árið til hins ýtrasta. Við það ofreyndu þeir sig margir hverjir og uppskáru hjartaáfall. Sams konar tengsl fundust ekki á meðal kvenna.

Árið 1987 var skattlaust þar sem horfið var hjá eftirágreiddum skatti í íslenska skattkerfinu og skipt yfir í staðgreiðsluskattkerfi. Vegna breytingarinnar var tekjuskattur afnuminn af tekjum ársins 1987. **– þea**



Dega-fjölskyldan við heimili sitt í Hafnarfirði eftir að þeim var gert kunnugt um synjun Útlendingastofnunar. Fjölskyldan gafst ekki upp og er komin aftur til landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Dega-fjölskyldan aftur á Íslandi

**Fimm manna albönsk fjölskylda sem var send úr landi þann 17. maí eftir brottvísun Útlendingastofnunar er komin aftur til Íslands. Fjölskyldan hefur aðlagast íslensku samfélagi vel. Brottvísun hennar þótti afar umdeild en önnur fjölskylda í sambærilegum aðstæðum fékk dvalarleyfi af mannúðarástæðum hér á landi.**

**SAMFÉLAG** Dega-fjölskyldan kom til Íslands frá Albaníu í júlí í fyrra.

Fjölskyldan flúði frá Albaníu af völdum ofsókna vegna stjórnmálaskoðana.

Útlendingastofnun neitaði fjölskyldunni um hæli í október í fyrra og staðfesti kærunefnd útlendingamála þá ákvörðun Útlendingastofnunar í byrjun árs. Fjölskyldunni var svo gert að yfirgefa landið 17. maí í vor.

Fjölskyldan ákvað strax að snúa aftur til Íslands og sækja um

> Fjölskyldan sótti um dvalarleyfi á nýjum forsendum að ráðgjöf lögfræðings síns en ekki vegna ofsókna eins og áður.

dvalarleyfi og nú er hún komin hingað og ætlar að halda áfram lífi sínu hér á landi.

Áður en þeim var gert að yfirgefa landið höfðu þau náð að aðlagast íslensku samfélagi. Bæði hjónin, Nazmie og Skender Dega, voru í fastri vinnu. Yngsti sonur þeirra, Viken, er ellefu ára gamall og æfði knattspyrnu með FH og stundaði nám í Lækjarskóla.

Dóttir hjónanna, Joniada, útskrifaðist með stúdentspróf frá Flensborgarskóla með ágætiseinkunn. Hún hefur góð tök á íslensku og stefndi á háskólanám.

Elsti sonur þeirra, Visen, hefur glímt við geðræn vandamál en náði góðum árangri í glímunni við veikindi sín í samstarfi við hérlenda meðferðaraðila.

Magnús Þorkelsson, skólameistari í Flensborg, barðist fyrir því að fjölskyldan fengi að dvelja á landinu. Hann hvetur stjórnvöld til þess að koma málaflokknum í skikkanlegan farveg. „Svo erlent fólk sem hingað leitar sé ekki meðhöndlað með sjálfgefnum hætti sem glæpamenn. Við höfum ekki ráð á því að hafna svona fólki,“ segir Magnús.
**kristjanabjorg@frettabladid.is**





Inniheldur 11,6 mg af díklófenaktvíetýlamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiðsli í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækninn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetýlsalisýlsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetýlsalisýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Má ekki nota á síðustu 3 mánuðum meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglingum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir, augu, sár, exem, vessandi húðbólgu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á altækum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstagjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Getur dregið úr frjósemi en þau áhrif ganga til baka. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

www.apotekarinn.is

Apótekarinn – lægra verð

SIMPLY CLEVER

ŠKODA




OCTAVIA ER MEST SELDI BÍLL #1 Á ÍSLANDI 2015

## Þú kemst lengra en borgar minna

Ef skynsemin réði værum við öll á **ŠKODA Octavia G-TEC**. Í honum samtvinnast fegurð, kraftur og virðing fyrir umhverfinu. **G-TEC** sameinar kosti metans og bensíns; þú nýtir íslenska orku og lækkar eldsneytiskostnað um allt að 35%. Með metantank og 50 lítra bensíntank kemstu ótrúlega langt án þess að fylla á og svo færðu líka frítt í stæði. Komdu og reynsluaktu **ŠKODA Octavia G-TEC**.




**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

**www.skoda.is**



Theresa May verður næsti forsætisráðherra Bretlands. FRÉTTABAÐIÐ/EPA

# May tekur við af Cameron

**BRETLAND** David Cameron skýrði frá því í gær að Theresa May myndi taka við af honum sem forsætisráðherra strax að loknum spurningatíma í þinginu.

Þetta gerðist hratt, eftir að Andrea Leadsom sagðist í gær hætt við framboð sitt til formennsku í breska Íhaldsflokknum. Þar með varð Theresa May sjálfkjörin í embættið og tekur hún við leiðtogaembættinu á landsþingi flokksins í haust.

Það kemur því í hennar hlut að fylgja eftir niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar í júní, þar sem Bretar samþykktu að ganga úr Evrópusambandinu.

David Cameron forsætisráðherra boðaði afsögn sína þegar úrslitin í atkvæðagreiðslunni voru ljós. Hann hafði barist fyrir því að Bretar yrðu áfram í Evrópusambandinu, eftir að hafa samið um breytt skilyrði fyrir Bretland. – **gb**

Steypugljái á stéttina í sumar




Superseal og Clear Guard steypugljái

Steypugljáinn sem endist!

Reykjavík
Reykjanesbæ

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

LYFJA – Lifið heil

Nýtt í Lyfju

lyfja.is

20% AFSLÁTTUR
Gildir til 31 júlí




Glucomannan - Stuðlar að þyngdartapi sé það tekið inn sem hluti af orkusnauðu mataræði.

## Ég er kominn heim




Nýkrýndir Evrópumeistarar Portúgals í fótbolta voru hylltir á götum Lissabon í gær. MYND/EPA

# Íbúar fipuðu lögreglu í Dallas með vopnaburði

**Borgarstjórinn í Dallas segir frjálslynda skotvopnalöggjöf í Texas skaða bæði almenning og lögreglu. Þegar skotárás ver gerð á lögreglumenn í síðustu viku báru margir einstaklingar öfluga riffla og hríðskotavopn og voru í fullum rétti.**

**BANDARÍKIN** Þegar friðsamleg mótmæli gegn lögregluofbeldi í Dallas á miðvikudagskvöldið í síðustu viku snerust upp í öngþveiti, er Micah Johnson hóf skotárás á lögreglumenn, þá varð öngþveitið enn illviðráðanlegra fyrir lögregluna vegna þess að tugir einstaklinga spókuðu sig um með öflug skotvopn – í fullum rétti vegna þess að lögin í Texas heimila slíkt.

Bandaríska dagblaðið The New York Times fjallar um þetta og vitnar meðal annars í Mike Rawlings, borgarstjóra í Dallas: „Þetta er í fyrsta sinn, og það af mjög áþreifanlegu tilefni, sem ég kemst á þá skoðun að lög geti skaðað bæði almenning og lögregluna í staðinn fyrir að vernda.“

Lögreglumenn sáu félaga sína falla í valinn en áttu erfitt með að átta sig á því hverjir voru að skjóta. Fljótlega voru þrír menn handteknir. Sá fjórði féll fyrir byssuskotum frá lögreglunni eftir tveggja tíma umsátur og samningaviðræður. Hann hét Micah Xavier Johnson og var einn að verki. Hinir þrír voru fljótlega látnir lausir.



Kveikt á kertum til minningar um lögreglumennina fimm sem myrtir voru í Dallas í síðustu viku. NORDICPHOTOS/AFP

Johnson virðist hafa skipulagt árásina lengi og ætlað sér að drepa fleiri en þá fimm sem lágu í valnum.

Þegar mótmælin á fimmtudag hófust sáust að minnsta kosti tuttugu manns með öfluga riffla og hríðskotavopn, meðal annars af gerðinni AR-15. Þetta gerðu þeir í og með til að leggja áherslu á að þetta er leyfilegt í Texas.

Rawlings borgarstjóri segir hins vegar að nú sé nauðsynlegt að herða skotvopnalöggjöfina í Texas, þar sem bæði repúblikanar og demókratar hafa almennt verið fylgjandi því að einstaklingar hafi víðtækt frelsi til að útvega sér skotvopn og ganga með þau á almannafæri.

Rawlings er greinilega kominn á þá skoðun að þarna hafi verið gengið of langt: „Ég vil bara snúa aftur til heilbrigðrar skynsemi,“ sagði hann í sjónvarpsviðtali á sunnudaginn.

Vararíkisstjórinn í Texas, Dan Patrick, lítur hins vegar öðru vísi á málin. Hann segir greinilegt að hin víðtæku mótmæli gegn lögreglunni eigi hlut að máli: „Frá mínum bæjardyrum séð þá liggur ábyrgðin á því sem hér gerðist greinilega hjá mótmælahreyfingunni Black Lives Matter.“ **gudsteinn@frettabladid.is**


SUZUKI
Way of Life!
NÝR BALENO!
KYNNUM NÝJAN TÍMAMÓTA BALENO
ÞÚ VERÐUR AÐ PRÓFA HANN
VERÐ FRÁ KR.
2.460.000
BALENO
SAMRUNI RÝMIS OG HÖNNUNAR
NÝR VALKOSTUR!
SUZUKI BALENO
MILD HYBRID
BALENO setur ný viðmið í nýtingu rýmis.
Hann hefur mesta innra-og farangursrými í sínum flokki og er um leið sérlega vel hannaður og glæsilegur ... samruni hönnunar og rýmis.
Við kynnum nú í fyrsta sinn Suzuki Baleno með MILD HYBRID vél, ásamt tveimur sparneytnum bensínvélum, 1,0 Booster Jet og 1250 dual Jet.
Meðal eyðsla frá 4,0 l/100km.
Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is
SUZUKI
Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100

# Stærð og dýpt jökullóna á kort

**Þorsteinn Sæmundsson jarðfræðingur segir hörfun skriðjökla mikla og að jökullón séu að myndast fyrir framan nærri alla skriðjökla. Rannsóknarhópur undir leiðsögn hans mun kortleggja jökullón og meta hvort aðstæður séu til staðar fyrir annað flóð líkt og varð fyrir hálfri öld eftir berghrun við Steinsholtsjökul.**

**VÍSINDI** Rannsóknarhópur á vegum Háskóla Íslands undir forystu Þorsteins Sæmundssonar jarðfræðings mun í sumar kanna fjallshlíðar umhverfis skriðjökla við sunnanverðan Vatnajökul og Mýrdalsjökul og kortleggja stærð og dýpi jökullóna sem eru að myndast fyrir framan þá. Markmið rannsóknarinnar er að leggja mat á þá staði þar sem þær aðstæður gætu myndast að brattar fjallshlíðar gætu hugsanlega hrunið ofan í jökullón og jafnvel orsakað flóðbylgjur.

Tvö vel þekkt dæmi eru um slík hrun. Annars vegar á Morsárjökli árið 2007 og hins vegar á Steinsholtsjökli árið 1967. Berghrunið á Morsárjökli stöðvaðist á jöklinum sjálfum en á Steinsholtsjökli féll berghrunið að hluta ofan í jökullón og orsakaði flóðbylgju sem flæddi niður dalinn.

„Kortlagningin byggir á því að meta þá staði þar sem þessar aðstæður gætu hugsanlega verið að myndast,“ segir Þorsteinn. Hann segir enn fremur mikilvægt að kortleggja botn lónanna til að hægt sé að reikna út rúmmál vatnsins sem í þeim er.

„Jökullón myndast fyrir framan jökulsporða þegar jökulhörfunin er hraðari en sem nemur framburði jökulsins í lónið. Við það myndast dæld fyrir framan jökulsporðinn sem fyllist af leysingavatni og með tímanum myndast lón. Við þær aðstæður byrjar frambrún jökulsins að brotna upp og eykur það á hörfun hans,“ segir Þorsteinn. Gott dæmi um slíkt er Jökulsárlón.



Fjölmarga jaka, brot úr jöklinum, má sjá í Jökulsárlóni við Breiðamerkurjökul. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Jökullón eru að myndast fyrir framan nánast alla skriðjökla, sem segir okkur að jökulhörfun er mjög hröð.**
>
> Þorsteinn Sæmundsson jarðfræðingur



Myndun jökullóna segir Þorsteinn ekki nýja af nálinni. „Staðan er hins vegar sú að jökullón eru að myndast fyrir framan nánast alla skriðjökla sem segir okkur að jökulhörfun er mjög hröð.“

Aðstæður líkar því sem voru við Steinsholtsjökul fyrir nærri fimmtíu árum eru að myndast víða og segir Þorstein því mikilvægt að kortleggja lónin og fylgjast vel með hlíðum fjalla umhverfis skriðjöklana og jökullónin. Þau lón sem mæld hafa verið eru nokkuð djúp. Til að mynda er lónið fyrir framan Sólheimajökul sem hefur verið að myndast frá árinu 2010 orðið 0,4 ferkílómetrar að flatarmáli og sextíu metra djúpt við jökuljaðarinn. Vatnsmagnið í lóninu nemur nú um 4.800 Vesturbæjarlaugum.

Frumniðurstöður rannsóknarinnar, sem styrktar eru af Háskóla Íslands, Vinum Vatnajökuls og Orkurannsóknasjóði verða kynntar næstkomandi vetur en að sögn Þorsteins er brýnt að fá fjármagn í auknar rannsóknir á komandi árum til að fylgjast með því hvað sé að gerast í hinu stórbrotna og síbreytilega umhverfi skriðjökla landsins.

thorgnyr@frettabladid.is



Vinsældir EM-torgsins hafa verið miklar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## EM-torgið aftur eftir ár

**ÍÞRÓTTIR** Nái íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu að tryggja sér sæti á EM 2017 í Hollandi eru líkur á að EM-torgið verði aftur á Ingólfstorgi að ári liðnu. Þetta kemur fram á vef Reykjavíkurborgar en nú er unnið að því að pakka saman EM-torginu.

Vinsældir torgsins voru miklar og þegar Ísland komst í 8 liða úrslitin var ákveðið að flytja skjáinn út á Arnarhól þegar Ísland spilaði gegn Englandi og Frakklandi. Þangað komu mörg þúsund manns saman til að fylgjast með leikjunum, hvetja landsliðið áfram og fagna góðu gengi.

Þá segir að bakhjarlar EM-torgsins á Ingólfstorgi hafi lýst yfir vilja sínum til að endurtaka leikinn að ári ef íslenska kvennalandsliðið kemst á EM 2017. Sætið í úrslitakeppni EM, sem fer fram í Hollandi á næsta ári, sé innan seilingar hjá íslenska kvennalandsliðinu. – ngy



# NOTAÐIR BÍLAR TIL SÖLU

Skoðaðu úrvalið á notadir.brimborg.is

## Gerðu góð kaup á notuðum bíl
## Mikið úrval gott verð



~~Verð: 2.690.000 kr~~
**Tilboðsverð: 2.490.000 kr.**
**Renault Clio Expresion** AKA08
Skráður júní 2015, 1,5TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 30.000 km.



~~Verð: 1.090.000 kr.~~
**Tilboðsverð: 890.000 kr.**
**Ford Fusion Trend** PI155
Skráður janúar 2007, 1,4TDCi dísil, beinskiptur.
Ekinn: 130.000 km.



~~Verð: 8.490.000 kr.~~
**Tilboðsverð: 6.990.000 kr.**
**Toyota Land Cruiser 200 VX** ERU84
Skráður september 2010, 5,7i bensín/metan, sjálfskiptur.
Ekinn: 131.000 km.



~~Verð: 3.790.000 kr.~~
**Tilboðsverð: 3.390.000 kr.**
**Ford Kuga Titanium AWD** GGJ84
Skráður júní 2014, 2,0TDCi dísil, beinskiptur.
Ekinn 108.000 km.



~~Verð: 1.990.000 kr.~~
**Tilboðsverð: 1.790.000 kr.**
**Citroën C4 Comfort** BYF04
Skráður febrúar 2014, 1,6TDCi dísil, beinskiptur.
Ekinn 84.000 km.



~~Verð: 6.790.000 kr.~~
**Tilboðsverð: 6.390.000 kr.**
**Volvo XC90 Momentum** BOM59
Skráður desember 2012, 2,4D5i dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 107.000 km.



~~Verð: 3.990.000 kr.~~
**Tilboðsverð: 3.690.000 kr.**
**Nissan Qashqai SE** VTV81
Skráður maí 2013, 2,0 TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn: 77.000 km.



~~Verð: 1.150.000 kr.~~
**Tilboðsverð: 1.070.000 kr.**
**Ford Ka Trend+** AUT93
Skráður apríl 2014, 1,2i bensín, beinskiptur.
Ekinn: 58.000 km.



~~Verð: 5.990.000 kr.~~
**Tilboðsverð: 5.750.000 kr.**
**Volvo XC60 Summum** HBG65
Skráður maí 2014, 2,4D4 dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 90.000 km.



~~Verð: 3.250.000 kr.~~
**Tilboðsverð: 2.890.000 kr.**
**Citroën Berlingo Multispace** DHE30
Skráður júní 2014, 1,6 HDi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 45.000 km.



~~Verð: 4.290.000 kr.~~
**Tilboðsverð: 3.290.000 kr.**
**Ford Mondeo Titanium** YOX82
Skráður apríl 2014, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 121.000 km.



~~Verð: 2.290.000 kr.~~
**Tilboðsverð: 2.090.000 kr.**
**Ford Focus Trend** FNL92
Skráður júní 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn: 92.500 km.

- Brimborg tekur allar tegundir bíla uppí
- Hagstætt uppítökuverð
- Allt að 90% fjármögnun í boði, ræddu við ráðgjafa

*FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK*
*Notaðir bílar - Brimborg*
*Tilboðsbílarnir fara beint á Facebook!*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*



Strippdansarar. NORDICPHOTOS/AFP

## Iðrast kaupa á kynlífsþjónustu

**NOREGUR** Yfir 700 Norðmenn hafa á síðustu tveimur árum leitað ráðgjafar eftir að hafa brotið lögin um vændiskaup. Helmingurinn keypti kynlífsþjónustu erlendis, að sögn norska ríkisútvarpsins.

Margir eru sagðir óttast að hafa smitast af kynsjúkdómum eða skammast sín fyrir að hafa brotið lögin.

Norskum ríkisborgurum er óheimilt að kaupa vændi í Noregi og löndum utan Noregs. – ibs

## Áminntur fyrir að mynda nema

**SVÍÞJÓÐ** Víða í Svíþjóð hefur nemendum verið bannað að vera með farsíma í skólanum til að koma í veg fyrir leynilegar upptökur í kennslustundum og spjall og flakk á netinu á skólatíma.

Kennari í Sundbyberg hefur verið áminntur fyrir að taka upp hreyfimyndir af nemendum með síma til þess að sanna hvernig þeir hegðuðu sér í kennslustofunni.

Nemendum fannst þeir niðurlægðir. Skólayfirvöld hafa úrskurðað að kennurum sé óheimilt að taka myndir af nemendum. – ibs

# Birgir og Eygló stækka veldi sitt í rekstri veitingahúsa á Íslandi

**Félag í eigu hjónanna Birgis Bieltvedt og Eyglóar Kjartansdóttur keypti á dögunum Café París. Fyrir er Birgir óbeinn hluthafi í Domino's, Joe & the Juice, Gló, Jómfrúnni og Snaps. Samruni B2B og Café Parísar hindrar ekki virka samkeppni, segir Samkeppniseftirlitið. Domino's tekur yfir rekstur Pizzunnar að hluta í sumar.**

**VIÐSKIPTI** Samkeppniseftirlitið hefur samþykkt samruna B2B ehf., sem er í eigu athafnamannsins Birgis Þórs Bieltvedt og Eygló Bjarkar Kjartansdóttur, og Café Parísar.

Hjónin eru mjög umsvifamikil í veitingarekstri á höfuðborgarsvæðinu en þau eru hluthafar í Pizza-Pizza ehf., sem rekur Domino's Pizza, Joe Iceland ehf. sem rekur Joe & the Juice, sem og Gló eignarhaldsfélagi ehf. sem rekur veitingastaði undir nafninu Gló. Þau eiga einnig félagið Eyju sem á meirihluta í Jubileum sem rekur veitingahúsin Jómfrúna og Snaps. Eyja hefur einnig yfiráð yfir HRC Íslandi ehf. sem hefur fengið sérleyfi til rekstrar Hard Rock Café á Íslandi.

Hinn 29. júní síðastliðinn var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um yfirtöku B2B á rekstri Café Parísar.

Í úrskurði Samkeppniseftirlitsins kemur fram að það sé mat eftirlitsins að þessi samhruni hindri ekki virka samkeppni á mörkuðum málsins og leiði ekki til myndunar eða styrkingar á markaðsráðandi stöðu. Því leiði samruninn ekki til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Þannig séu ekki forsendur til að aðhafast vegna samrunans.

**» Birgir Bieltvedt og Eygló Kjartansdóttir eru mjög umsvifamikil í rekstri veitingahúsa á Íslandi.**

Í byrjun júní festi Domino's í Bretlandi (Domino's Pizza Group), stærsta pitsukeðja Bretlands, kaup á minnihluta í rekstri Domino's á Íslandi, í Noregi og Svíþjóð. Kaupverðið nam 24 milljónum punda, jafnvirði 3,8 milljarða króna á núverandi gengi.

Vísir greindi svo frá því í gær að Domino's tekur yfir rekstur Pizzunnar að hluta til í sumar en félagið Pizza-Pizza ehf. sem rekur Domino's hefur keypt tvo staði rekstrarfélagsins G. Arnfjörð sem rekur Pizzuna.

Staðirnir sem um ræðir eru að Ánanaustum og í Gnoðarvogi. Þetta kemur fram í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins sem hefur heimilað samrunann.

saeunn@frettabladid.is







*Miðað við eyðslutölur frá framleiðanda á beinskiptum bíl í blönduðum akstri.

NÝR ISUZU D-MAX
VERÐ FRÁ 5.790.000 BEINSKIPTUR, 6 GÍRA

100 HISTORIC YEARS Founded 1916 ISUZU

ISUZU D-MAX ER EINN HAGKVÆMASTI OG STERKASTI PALLBÍLL SEM UM GETUR
EYÐSLA AÐEINS 7,4 l/100 km*

NÝTT MEIRI DRÁTTARGETA
3500KG

TILBOÐ
NÚNA FYLGIR ÖLLUM ISUZU D-MAX DRÁTTARBEISLI OG HEITKLÆÐNING Á PALLINN

ENNEMM / SÍA / NM74813

GE bílar, Reykjanesbæ, www.gebilar.is, 420 0400
Bílasalan Bílás, Akranesi, www.bilas.is, 431 2622
Bílasala Akureyrar, Akureyri, www.bilak.is, 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands, Egilsstöðum, www.bva.is, 470 5070
IB ehf., Selfossi, www.ib.is, 480 8080
BL söluumboð, Vestmannaeyjum, 481 1313, 862 2516

BL ehf, Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík, 525 8000 / www.bl.is
B|L

Bara

# Fyrir fagmenn



A015-105
Áltrappa 5 þrep
**16.790**
6 þrepa **19.750,-**
7 þrepa **21.730,-**



A031-206 6 þrep
**22.990**
9 þrepa **32.990,-**
11 þrepa **39.520,-**



LFD 90AL70x33x100 cm
**9.990**

GOTT ÚRVAL AF TRÖPPUM FYRIR IÐNAÐARMANNINN



A0118-104 4 þrep
**10.900**
6 þrepa **13.990,-**



Ryk/blautsuga Drive ZD98-3B 3000W,
3 mótorar 90 lítrar, PP vatnstankur
**48.900**




Ermator Pullmann S13 1300W
**239.900**



Ryk/blautsuga Drive ZD98A-2B
2000W, 70 lítrar
**39.990**



Pullman W70P, með
innbyggðri dælu
**299.000**



LLA-112
Álstigi 12 þrep 3,38 m
**8.390**
10 þrep **7.490**



Rafmagnskefli Pro 25m
H07RN-F 3G1,5mm
**8.590**



Tengibox 1x32A-
1 x 16-4x230v
**21.990**



3 fasa rafmagnssnúrur 25m
32amp 5G4
**19.900**
einnig 25m 32Amp 5G6 **24.990**
& 63Amp 25m 5G10 **29.990**



Rafmagnssnúra
25m H05vv F3G1,5
**5.490**
Einnig 15m kr. **3.190**
10 mtr kr. **2.590**
25mtr IP44 H07RN
F3G1,5 kr. **7.790**



EP Pallettu-tjakkur
2 tonna lyftigeta
**38.900**



Uppfylla EN:131 staðalinn

LLA-308
PRO álstigi 3x8 þrep
2,27-5,05 m
**18.990**




Jarðvegsþjappa
RP2414-50 Honda 149kg
**495.000** m/vsk



Rafmagnstjakkur 1,5 tonn
**345.900**

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7 | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18 | Opið virka daga kl. 8-18 |

**MÚRBÚÐIN**

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**

# Sektin



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Sekt upp á tæpan hálfan milljarð sem Mjólkursamsölunni hefur verið gert að greiða fyrir misnotkun á markaðsráðandi stöðu sinni mun á endanum bitna á annaðhvort neytendum eða bændum. Það er niðurstaða forstjóra MS sem var í viðtali við Bylgjuna í gær.

MS mun samkvæmt Samkeppniseftirlitinu hafa misnotað markaðsráðandi stöðu sína með því að selja keppinautum sínum hrámjólk til framleiðslu á mjólkurvörum á óeðlilega háu verði á sama tíma og fyrirtækið og aðrir sem tengjast því fengu hráefnið undir kostnaðarverði.

Í kjölfar frétta af þessu athæfi MS hafa ýmsir hvatt til sniðgöngu á vörum fyrirtækisins. Það er skiljanlegt. Neytendum finnst óboðlegt að styðja við fyrirtæki sem í krafti einokunarstöðu sinnar, sem það fær að gjöf frá ríkinu, svínar á þeim með alvarlegum hætti. Eftirspurn eftir mjólkurvörum frá mjólkurvinnslunni Örnu hefur aukist mikið og seljast vörurnar gjarnan upp.

Hlutverk MS, sem er rekstrarfélag mjólkuriðnaðarins, er að taka við mjólk frá mjólkurbændum, dreifa henni til annarra framleiðenda og búa til sínar eigin vörur. Aðrir framleiðendur, minni fyrirtæki eins og Arna og Kú, fá hrámjólk frá MS sem þau nota til að framleiða sínar eigin vörur.

Það þýðir að allir mjólkurbændur á Íslandi, hátt í sjö hundruð talsins, verða að selja Mjólkursamsölunni afurðir sínar, ef frá eru taldir örfáir einstakir bændur sem framleiða sínar eigin vörur og selja beint frá býli í smáum sniðum. MS er langstærsti framleiðandi allra mjólkurvara og samtímis eini heildsali þeirrar hrávöru sem aðrir framleiðendur þurfa til að búa til sínar vörur.

Eins eðlilegt viðbragð við fréttum af svívirðilegri framkomu stjórnenda fyrirtækisins og sniðganga vara þess er, þá er óljóst hverju það mun skila. Mögulega neyðist MS til að selja samkeppnisaðilum sínum meiri vörur svo að þeir geti annað betur aukinni eftirspurn. Líklegra verður þó að telja að sniðgangan dofni fljótlega út, rétt eins og gerðist fyrir tveimur árum, þegar sömu fréttir bárust af misnotkun fyrirtækisins á markaðsráðandi stöðu sinni. Neytendur hafa því miður takmarkað úthald til að mótmæla og sækja aftur í það sama, það sem þeir þekkja.

Með nýjum búvörusamningum sem landbúnaðar- og fjármálaráðherrar skrifuðu undir fyrr á árinu er þessi einokunarstaða MS fest enn frekar í sessi sem og undanþága mjólkuriðnaðarins frá samkeppnislögum.

Þessir nýju samningar, sem núverandi forsætisráðherra var í forsvari fyrir að gera við bændur, eru með öllu óásættanlegir. Það sem eðlilegast væri að gera er að sniðganga þá stjórnmálamenn sem bjóða okkur upp á kerfið sem gerir stjórnendum Mjólkursamsölunnar það kleift að starfa með þeim hætti sem þeir gera. Sektin á að bitna á sekum stjórnmálamönnunum, ekki neytendum eða bændum.

> Þessir nýju samningar, sem núverandi forsætisráðherra var í forsvari fyrir að gera við bændur, eru með öllu óásættanlegir.




## Halldór




## Frá degi til dags

**Konur á toppnum**

Össur Skarphéðinsson bendir á það á Facebook hvað konur séu orðnar valdamiklar á alþjóðavettvangi. Angela Merkel er kanslari Þýskalands, Theresa May er verðandi forsætisráðherra Bretlands og Hillary Clinton er líkleg til að verða forseti Bandaríkjanna. Össur spáir að fyrir árslok verði kona orðin forsætisráðherra Íslands. Sjálfstæðismenn skipta varla um mann í brúnni, kraftaverk þarf til að Samfylking fái forsætisráðuneytið, Birgitta Jónsdóttir Pírati sækist ekki eftir ráðherrastól og Lilja Alfreðsdóttir sækist ekki eftir formannsstól Framsóknar. Konan sem Össur spáir forsætisráðuneytinu hlýtur þá að vera Katrín Jakobsdóttir, í þriggja flokka stjórn VG, Pírata og Samfylkingar.

**Bág kjör þingmanna**

Haraldur Benediktsson þingmaður Sjálfstæðisflokksins kvartar á Facebook yfir að umræðan um landbúnað sé andstyggileg. „Á Íslandi eru tveir hópar sem alls ekki mega fá neinar kjarabætur. Það eru alþingismenn og bændur.“ Laun alþingismanna hafa hækkað um tæp 50% frá 2011. Samkvæmt Frjálsri verslun hefur Haraldur um 860 þúsund krónur í laun. Það væri sjálfsagt að hækka laun Alþingismanna samhliða einhvers konar átaksverkefni um árangur á þingi. Yfirskrift átaksins gæti verið: Minna mas, meiri samkeppnislög á landbúnaðinn! snaeros@frettabladid.is

# Skerðing lífeyris eins og eignaupptaka!



Björgvin Guðmundsson
viðskiptafræðingur

Þegar stjórn Alþýðuflokks, Sjálfstæðisflokks og Sósíalistaflokks kom almannatryggingunum á fót 1946 fór það ekki á milli mála fyrir hverja almannatryggingarnar áttu að vera. Tekið var skýrt fram, að almannatryggingarnar ættu að vera fyrir alla án tillits til efnahags og stéttar. Þær áttu ekki að vera fátækraframfærsla. Þegar lífeyrissjóðirnir voru stofnaðir kom það skýrt fram, að þeir áttu að vera viðbót við lífeyri almannatrygginga en ekki skerða almannatryggingar eins og gerist í dag. Ef það hefði legið fyrir, þá hefðu launamenn á Íslandi ekki greitt í lífeyrissjóðina.

Ég hef sagt það áður, að skerðing lífeyris vegna greiðslna úr lífeyrissjóði er eins og eignaupptaka. Áhrifin af þessari gífurlegu skerðingu ríkisins á lífeyri almannatrygginga eru nákvæmlega eins og ríkið væri að gera upptækan hluta lífeyris eldri borgara í lífeyrissjóðum. Það er líkast því sem ríkið sé að taka hluta lífeyrisins ófrjálsri hendi.

En þegar ríkið er búið að leika þann leik árum saman að taka hluta lífeyris eldri borgara reglulega traustataki, kemur ríkisstjórnin fram nú og segist ætla að skila hluta af þessu til baka, ætla að hætta að taka svona mikið af okkur „ófrjálsri hendi“. Og þá eigum við eldri borgarar að falla fram og þakka fyrir, að við fáum að halda örlítið meira af því, sem við eigum. Þakka skyldi þeim.

Verkefni ríkisstjórnarinnar númer eitt er að hafa lífeyri aldraðra það háan, að hann dugi til framfærslu. Ríkisstjórnin svíkst um það. Hún hækkar ekki lífeyrinn um eina krónu. Hún leggur fram tillögur um óbreyttan lífeyri. Þó er ekki unnt að lifa af honum. Lífeyrir einhleypra eldri borgara er 207 þúsund krónur á mánuði en í hjónabandi er lífeyrir 185 þúsund krónur, eftir skatt. Geta einhverjir aðrir lifað af þessari hungurlús? Ég held ekki. En verkefni ríkisstjórnarinnar númer tvö er að afnema tekjutengingarnar, afnema skerðingar með öllu. Það á ekki að draga úr þeim; það á að afnema þær. Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, lofaði eldri borgurum því fyrir síðustu kosningar, að svo yrði gert. Við það á að standa. Stjórnmálamenn geta ekki gefið stór kosningaloforð án þess að standa við þau. Sá tími á að vera liðinn á Íslandi.

> Verkefni ríkisstjórnarinnar númer eitt er að hafa lífeyri aldraðra það háan, að hann dugi til framfærslu. Ríkisstjórnin svíkst um það. Hún hækkar ekki lífeyrinn um eina krónu.

FRÉTTABLAÐIÐ ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Fanney Birna Jónsdóttir fanney@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is og Viktoría Hermannsdóttir viktoria@frettabladid.is MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is
LÍFIÐ: Gyða Lóa Ólafsdóttir gydaloa@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is

# Rödd Norðurlanda þarf að heyrast

**Gylfi Arnbjörnsson**
forseti ASÍ
**Elín Björg Jónsdóttir**
formaður BSRB
**Magnus Gissler**
framkvæmdastjóri NFS

**Við, fulltrúar norrænu verkalýðshreyfingarinnar, erum þó þeirrar skoðunar, að ef norræna líkanið á að geta orðið fyrirmynd annarra, þá getum við ekki lengur sætt okkur við að sitja á hliðarlínunni, við þurfum að vera til staðar á fundum G20-ríkjanna.**



Eftir fjármálakreppu síðustu ára hefur orðið æ flóknara að taka mikilvægar ákvarðanir innan vébanda Sameinuðu þjóðanna (SÞ), Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og annarra alþjóðastofnana. Afleiðing þessa er að óformlegir fundir á milli leiðtoga G20 landanna öðlast sífellt meira vægi og mikilvægar ákvarðanir eru í reynd teknar á slíkum fundum áður en þær eru samþykktar með formlegum hætti á vettvangi alþjóðastofnana. Þær þjóðir sem ekki taka þátt í G20 samstarfinu þurfa því að sætta sig við að fylgjast með frá hliðarlínunni, að mestu leyti áhrifalausar. Þetta hlutskipti á einnig við um Norðurlönd, sem hvert fyrir sig uppfyllir ekki þau skilyrði sem þarf til að komast inn í þennan félagsskap.

Norðurlönd hafa hins vegar allar forsendur til þess að leita eftir auknu samstarfi við G20. Þrátt fyrir að vera ekki fjölmenn – tæplega 26 milljónir íbúa – eru Norðurlönd til samans 12. stærsta hagkerfi heimsins.

Á sama tíma má halda því fram að norræna módelið sé í tísku, það sýndi sig síðast í vorheimsókn forsætis- og utanríkisráðherra Norðurlanda til Barack Obama, forseta Bandaríkjanna. Staðreyndin er að ríkjum Norðurlanda er oft á alþjóðavettvangi lýst sem mjög samkeppnishæfum, árangursríkum og til eftirbreytni. Þar ríki röð og regla í fjármálum, ásamt blöndu af hagvexti, samkeppnishæfni og félagslegu öryggi. Þetta vekur forvitni annarra – líka þeirra í Hvíta húsinu.

**Sveigjanlegt samfélagslíkan**

Utanríkisviðskipti gegna mikilvægu hlutverki í hnattvæddum heimi, einkum fyrir lítil og opin hagkerfi. Þetta er gríðarlega mikilvægt fyrir okkur Norðurlandabúa. Við höfum sýnt og sannað að það er ekki aðeins unnt að sameina með árangursríkum hætti hagvöxt og samkeppnishæfni með alhliða velferðarsamfélagi og efnahagslegu jafnrétti, það er einnig æskilegt. Norræna líkanið hefur vakið athygli og aðdáun, meðal annars hjá OECD og World Economic Forum, fyrir að vera sveigjanlegt samfélagslíkan sem hefur betri forsendur til að takast á við kreppur og áföll en mörg önnur samfélagslíkön.

Uppsprettu þessa sveigjanleika er að finna í hinni skipulögðu starfsemi verkalýðshreyfingarinnar, sem er vægast sagt mikilvægt púsl í hinu norrænu líkani. Á meðal óteljandi lista þar sem Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð eru í efstu sætum – t.d. þegar kemur að jafnrétti, bjartsýni og hamingju – er einn listi þar sem Norðurlönd skína eins og einmana stjarna á himinfestingunni og önnur lönd þurfa að líta til og fylgja. Í hinum frjálsa heimi erum við með langhæstu þátttöku vinnandi fólks í stéttarfélögum. Innan raða norrænu regnhlífarsamtanna okkar, Nordens Fackliga Samorganisation (NFS), eru ríflega níu milljónir meðlima. Tveir af hverjum þremur launamönnum eru meðlimir í einhverju hinna 400 félaga sem finnast innan samtaka launafólks.

Mikil þátttaka í verkalýðsfélögum hefur leitt til þess að vinnumarkaðslöggjöfin er ekki tiltakanlega umfangsmikil. Þess í stað er atvinnulífið stillt af í gegnum kjarasamninga og samninga sem innihalda allt frá launum og starfsþjálfun til endurhæfingar og eftirlauna. Gildistími samninga er mislangur en það er ófrávíkjanleg regla að samningstímabilinu ríkir friður. Líkanið veitir atvinnuveitendum samningsrými og sveigjanleika en leggur líka grunninn að sjálfbærum og fyrirsjáanlegum vinnumarkaði þar sem atvinnuöryggi, samningsbundin laun og mannsæmandi vinnuaðstæður eru tryggð.

Norræna líkanið er hins vegar ekki einungis til þess hannað að geta bara brugðist við samkeppni utan frá. Það er líka drifkrafturinn sem rekur samkeppnishæf Norðurlönd fram á við. Gott velferðarkerfi, almennt hátt menntunarstig og sanngjörn laun fyrir sómasamlega vinnu.

Við, fulltrúar norrænu verkalýðshreyfingarinnar, erum þó þeirrar skoðunar, að ef norræna líkanið á að geta orðið fyrirmynd annarra, þá getum við ekki lengur sætt okkur við að sitja á hliðarlínunni, við þurfum að vera til staðar á fundum G20-ríkjanna. Við skorum því á ríkisstjórnir Norðurlanda og Norrænu ráðherranefndina að leita þegar eftir áhrifum í G20. Heimurinn þarf á okkur að halda og við þurfum á heiminum að halda.

**visir.is** Lengri útgáfa af greininni er á Vísi.

*Gæði og glæsileiki*

*endalaust úrval af hágæða flísum*



Finndu okkur á facebook

Flísabúðin
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

FRÉTTABLAÐIÐ
# SPORT

## Hermann fékk fjögur mörk og þrjú stig í afmælisgjöf



**Allt er þegar þrennt er** Lærisveinar Hermanns Hreiðarssonar í Fylki brugðust honum ekki á afmælisdeginum er Árbæingar sóttu þrjú stig í Laugardalinn í gær. Var þetta í þriðja sinn sem Hermann tók þátt í leik á afmælisdeginum sem leikmaður eða þjálfari en hann fékk svo sannarlega tækifæri til þess að fagna í gær þegar leikmenn Fylkis buðu upp á flugeldasýningu honum til heiðurs. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Stærsta litla fótboltalandið

**Íslensku knattspyrnulandsliðin hafa ekki bara verið með á tveimur síðustu Evrópumótum því þau komust bæði í átta liða úrslitin á þessum mótum. Aðeins þrjár aðrar þjóðir geta státað sig af slíkum árangri á EM.**

**FÓTBOLTI** Íbúafjöldi Íslands hefur verið á allra vörum í fótboltaheiminum eftir hetjudáðir íslensku landsliðanna á síðustu árum. Við Íslendingar erum kannski sum hver orðin þreytt á þessum svokallaða útreikningi út frá höfðatölu en sjaldan hefur samanburður stungið jafnmikið í augun og sá sem sýnir samanburð á þeim þjóðum sem hafa skilað bæði karla- og kvennalandsliði í átta liða úrslit á síðustu tveimur Evrópumótum í knattspyrnu.

Karlalandsliðið endaði sitt ævintýri á 5-2 tapi á móti gestgjöfum Frakka í átta liða úrslitunum á EM í Frakklandi fyrir rúmri viku og fyrir tæpum þremur árum endaði einnig ævintýri stelpnanna á tapi á móti gestgjöfum Svía. Bæði lið höfðu endurskrifað íslensku fótboltasöguna fyrr í mótinu.

Það er mjög fróðlegt að skoða listann yfir þær þjóðir sem hafa átt lið meðal þeirra átta efstu á síðustu tveimur Evrópumótum, EM karla í Frakklandi 2016 og EM kvenna í Svíþjóð 2013.

Fótboltarisarnir þrír eru þarna allir, eða Frakkland, Þýskaland og Ítalía. Þær eru allar þjóðir með hátt í tvöhundruðfalda íbúatölu Íslands auk þess að vera miklar fótboltaþjóðir. Þjóðverjar unnu EM-titilinn hjá konunum og Þýskaland er eina þjóðin með bæði liðin í undanúrslitum. Frakkar eru með frábær lið hjá báðum kynjum en körlunum mistókst að vinna úrslitaleikinn á heimavelli og konurnar töpuðu óvænt fyrir Dönum í vítakeppni í átta liða úrslitunum eftir þrjá góða sigra í fyrstu þremur leikjum sínum á mótinu. Ítölsku landsliðin töpuðu síðan bæði í átta liða úrslit-




**» Íslensku liðin mættu bæði gull- og silfurliðunum á þessum tveimur Evrópumótum. Stelpurnar mættu Þýskalandi og Noregi í riðlinum á EM 2013 en strákarnir Portúgal í riðlinum og Frakklandi í átta liða úrslitunum á EM 2016.**

unum eins og þau íslensku.

Wales, Belgía og Pólland áttu bara lið á karlamótinu og Norðurlandaþjóðirnar Noregur og Danmörk komust bara inn á EM með kvennalið sín. Sænska karlalandsliðið sat eftir í riðlakeppninni og Spánverjar, sem áttu lið í átta liða úrslitum kvenna, töpuðu í sextán liða úrslitum karlakeppninnar.

Eftir stendur því litla Ísland við hlið fótboltarisanna þriggja, Frakklands, Þýskalands og Ítalíu. 320 þúsund manna þjóð komast svona langt með bæði landsliðin sín en hinar þrjár eru með á bilinu 60 til 81 milljón íbúa.

Knattspyrnusambandi Íslands hefur tekist að koma báðum landsliðum sínum í fremstu röð í vinsælustu íþrótt í heimi og eftir víkingaklappið vinsæla og árangur karlalandsliðsins í Frakklandi er íslenskur fótbolti kominn á heimskortið.

Næsta skrefið er síðan að komast enn lengra og inn á sjálft heimsmeistaramótið. Því hefur hvorugu liðinu okkar tekist en af hverju að hætta að láta sig dreyma núna þegar liðin hafa tekið svo mörg stórbrotin skref á síðustu árum? ooj@frettabladid.is

## Nýjast

**Pepsi-deild karla í fótbolta**

**Valur - ÍBV 2-1**
0-1 Simon Smidt (11.), 1-1 Guðjón Pétur Lýðsson (17.), 2-1 Kristinn Ingi Halldórsson (44.).

Valsmenn komust aftur á sigurbraut á í gær en með sigrinum lyftu þeir sér upp fyrir ÍBV í 6. sætið.

**Breiðablik - ÍA 0-1**
0-1 Garðar Gunnlaugsson (11.).

Skagamenn unnu þriðja leikinn í röð og enn og aftur var Garðar Gunnlaugsson á skotskónum.

**Stjarnan - Fjölnir 2-1**
1-0 Halldór Orri Björnsson (13.), 1-1 Martin Lund Pedersen (60.), 2-1 Halldór Orri Björnsson (75.).

Fjölnismenn misstu af tækifærinu á að ná toppsætinu í Pepsi-deildinni í gær en tvö mörk voru dæmd af Fjölnismönnum í Garðabænum.

**Þróttur - Fylkir 1-4**
0-1 Viðir Þorvarðarson (16.), 1-1 Thiago Pinto Borges (38.), 1-2 Andrés Már Jóhannesson (51.), 1-3 Valdimar Þ. Ingimundarson (65.), 1-4 Viðir Þorvarðarson (72.)

Varnarleikur Þróttara hrundi í seinni hálfleik og þurftu nýliðarnir að sætta sig við enn einn skellinn.

| Efri hlutinn | | Neðri hlutinn | |
|---|---|---|---|
| 1. FH | 21 | 7. ÍBV | 13 |
| 2. Fjölnir | 19 | 8. ÍA | 13 |
| 3. Víkingur Ó. | 18 | 9. Víkingur R. | 12 |
| 4. Stjarnan | 17 | 10. KR | 10 |
| 5. Breiðablik | 15 | 11. Fylkir | 8 |
| 6. Valur | 14 | 12. Þróttur R. | 7 |

**Gott gigg á Hlíðarenda. 3 mörk, deddarar, dómaraskipti og sláarskot í fyrri hálfleik. Maður nær að jafna sig á að EM er búið.**

Elvar Geir Magnússon
@elvargeir

### TIM DUNCAN HÆTTUR

Bandaríski körfuboltamaðurinn Tim Duncan, leikmaður San Antonio Spurs, tilkynnti í gær að hann hefði ákveðið að leggja skóna á hilluna. Þessi mikli höfðingi hélt upp á fertugsafmælið sitt á dögunum en síðasta tímabil í NBA var hans 19. á ferlinum. Duncan lauk ferlinum með tapi í leik sex gegn OKC Thunder í undanúrslitum vesturdeildarinnar en tveimur árum áður stóð hann uppi sem NBA-meistari með Spurs í 5. sinn. Hann var 15 sinnum valinn í stjörnulið NBA en Duncan var valinn besti maður úrslitanna í þremur fyrstu titlum Spurs; 1999, 2003 og 2005. Hann endar ferilinn með 19 stig, 10,8 fráköst, 3 stoðs. og 2,2 varin skot að meðaltali í leik.



## Í dag

**20.00 Leiknir R. - Leiknir F** SportHD

**17.30 Fjarðab.- Fram** Eskjuvöllur
**18.00 Þór - Keflavík** Þórsvöllur
**19.15 Selfoss - Haukar** JÁVERK-völl.
**19.15 HK - Huginn** Kórinn
**19.15 Grindavík - KA** Grindavíkurv.
**20.00 Leiknir R. - Leiknir F.** Leiknisv.






# NUTRILENK GEL – NÝR FJÖLSKYLDUMEÐLIMUR




**Artasan kynnir** Nutrilenk Gel er nýjasta viðbótin í Nutrilenk-fjölskyldunni en það má bera á auma liði og vöðva. Það inniheldur chondroitin sem er eitt aðal byggingarefni brjósks, sina og beina en það er virka efnið í Nutrilenk Gold.

Nutrilenk Gold er efni sem þarf vart að kynna en þúsundir Íslendinga nota þetta liðbætiefni daglega og hafa gert í mörg ár. Það hefur hjálpað fólki sem þjáist af minnkuðum brjóskvef og dregið verulega úr verkjum og minnkað brak og stirðleika. Nú er komið á markað Nutrilenk Gel sem er fullkomin viðbót en það hentar flest öllum sem glíma við verki og eymsli í liðum og vöðvum.




### KÆLANDI OG BÓLGUEYÐANDI

Nutrilenk Gel er hugsað bæði fyrir liði og vöðva en það er kælandi, dregur úr bólgum og er gott fyrir brjóskvefinn. Nota má gelið bæði fyrir og/eða eftir hreyfingu en meðal innihaldsefna eru eucalyptus ilmkjarnaolía og engiferþykkni sem hafa verið notuð í náttúrulækningum í aldaraðir.

Eucalyptus ilmkjarnaolía getur verið verkjastillandi ásamt því að vera góð fyrir upphitun hjá íþróttafólki og engifer hjálpar til við að halda liðunum smurðum og örvar blóðrásina.

### DREGUR ÚR BRJÓSKEYÐINGU

Nutrilenk Gel, rétt eins og Nutrilenk Gold inniheldur chondroitin sem er eitt aðal byggingarefni brjósks, sina og beina. Það getur hjálpað til við að draga úr brjóskeyðingu og örva brjóskmyndun í skemmdum liðum.

Nutrilenk Gel er fullkomin viðbót við Nutrilenk Gold og Nutrilenk Active og stuðlar að enn betri árangri.

## Þúsundir Íslendinga nota Nutrilenk

„Ég hef verið að kljást við slitgigt í hnjám og mjóbaki í fjölmörg ár og prófað margt, bæði lyf og nátt- úrulyf sem dugað hafa skammt, auk þess að hafa farið í liðþófaaðgerðir. Það var ekki fyrr en ég fór að taka inn Nutrilenk Gold sem ég fór að finna bata og nú finn ég ekki lengur til í hnjánum og get hreyft mig óhindrað.“

**Hinrik Ólafsson, leikari, kvikmyndagerðarmaður og leiðsögumaður**

„Sem hlaupari þá er mikilvægt að halda öllum liðum vel smurðum. Þar kemur Nutrilenk Active að góðum notum. Í hlaupum er mikið álag t.d. á ökkla og hné og því er mikilvægt að fyrirbyggja eymsli í þessum liðum. Ég mæli hiklaust með Nutrilenk Active, það virkar.“

**Friðleifur Friðleifsson hlaupari og sigurvegari í Esja Ultra hlaupinu 2014 og 2015**

**Sölustaðir:** **Flest apótek, heilsuhús og heilsuhillur verslana.**



# GlucoSlim

## NÝTT ÞYNGDARSTJÓRNUNAREFNI

**GlucoSlim inniheldur glucomannantrefjar sem stuðla að þyngdartapi, sé það tekið inn sem hluti af orkusnauðu mataræði.**

Trefjarnar taka pláss í maganum og framkalla þannig seddutilfinningu svo að fólk borðar minna. Þær hægja á tæmingu úr maga og stuðla því einnig að því að lengri tími líður áður en við verðum aftur svöng.

**Rannsóknir staðfesta virknina**

Matvælastofnun Evrópu samþykkir glucomannantrefjar sem þyngdarstjórnunarefni og hafa rannsóknir sýnt fram á að þessar trefjar geta stuðlað að þyngdartapi.




**Sölustaðir:** Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana






Hópíþróttir og -leikir eru sérstaklega góð leið til að efla félagsþroska barna þar sem þau læra leikreglur og önnur samskipti í gegnum leikinn. NORDIC PHOTO/GETTY

# MIKILVÆGT AÐ SINNA HREYFIÞÖRF BARNA

Hópíþróttir eru taldar efla félagsþroska barna og hafa jákvæð áhrif á sjálfstraust þeirra og hreysti. Margar ástæður geta þó verið fyrir því að börn vilja ekki stunda hópíþróttir og vera hluti af liði.

Samkvæmt ráðleggingum er æskilegt að börn hreyfi sig rösklega í minnst sextíu mínútur á dag. Á Heilsuvefnum 6H segir að hópleikir séu sérstaklega góð leið til að efla félagsþroska barna þar sem þau læra leikreglur og önnur samskipti í gegnum leikinn. Auk þess geta hópleikir og -íþróttir haft jákvæð áhrif á sjálfstraust barna, samhæfingu og almenna hreysti.

Flestir foreldrar eru meðvitaðir um hreyfiþörf barna sinna og skrá þau í hinar og þessar íþróttir og þá liggur beinast við hjá mörgum að setja börnin í hópíþróttir, enda eru þær eins og áður segir góðar fyrir þau að mörgu leyti. En svo eru það börnin sem af einhverjum ástæðum vilja ekki vera í íþróttum, hvernig fá þau hreyfiþörf sína uppfyllta og geta foreldrar gert eitthvað til að auka líkur á að þau vilji taka þátt í einhverju skipulögðu sporti?

Að sjálfsögðu þurfa ekki öll börn að vera í liðsíþróttum og þau geta viðhaldið hreysti á margs konar annan hátt en gott er að komast að ástæðu þess ef barnið vill ekki vera í liði. Á síðunni KidsHealth.org má finna nokkrar ástæður þess að börnum líkar ekki að vera í hópíþróttum.

## SKORTUR Á HREYFIFÆRNI

Þó ástundun hópíþrótta sé víðast í boði fyrir börn á leikskólaaldri hafa börn yfirleitt ekki þá líkamlegu burði eða getu til að halda athygli og læra þær reglur sem þarf fyrr en um sex til sjö ára aldurinn. Börn sem hafa ekki mikla æfingu í tiltekinni íþrótt þurfa tíma til að tileinka sér ákveðna hæfileika sem þarf til að sparka í bolta á ferð eða hitta honum í körfu. Þegar þeim mistekst það á æfingu eða í leik gætu þau orðið pirruð eða taugaóstyrk.



Börn geta gert ýmislegt til þess að fá þær sextíu mínútur af daglegri hreyfingu sem mælt er með, til dæmis iðkað einstaklingsíþróttir. NORDIC PHOTO/GETTY

Foreldrar geta hjálpað börnum sínum með því að æfa sig í íþróttinni heima og leyfa þeim að gera mistök í verndaðra umhverfi. Þannig geta börnin reynt, og mögulega mistekist, nýja hluti án þess að vera of meðvituð um jafnaldra sína. Auk þess fæst þannig mikill gæðatími með börnunum.

## ÓÖRYGGI OG FEIMNI

Margir krakkar eru feimnir eða óöruggir og þeim gæti fundist óþægilegt að vera undir þeirri pressu að vera hluti af liði. Sjálfsmeðvituð börn gætu einnig haft áhyggjur af því að bregðast einhverjum, foreldrum, þjálfara eða liðsfélögum. Þetta gæti sérstaklega átt við um krakka sem hafa ekki enn öðlast þá grunnfærni sem til þarf eða eru í liði þar sem mikil áhersla er lögð á samkeppni.

Ef þetta er ástæða þess að barnið vill ekki vera í hópíþróttum gæti lausnin verið sú að foreldrar geri því grein fyrir því að það þurfi ekki endilega að stefna á að verða landsliðsmanneskja í íþróttinni heldur sé markmiðið einfaldlega að fá hreyfingu og hafa gaman.

## EKKI RÉTT GREIN?

Hjá sumum krökkum er ástæðan fyrir því að þau vilja ekki vera í einhverri ákveðinni hópíþrótt einfaldlega sú að þeir hafa ekki fundið sína íþrótt. Mögulega gæti barn sem hefur ekki góða samhæfingu og á því ekki gott með að hitta í körfu orðið mjög góður sundmaður eða spretthlaupari. Mikilvægt er fyrir foreldra að hlusta á börn sín og vera opin fyrir því að leyfa þeim að prófa sem flestar greinar. Þó að þeir sjálfir hafi kannski mestan áhuga á fótbolta eða handbolta gætu þeir gefið barni sínu tækifæri á að taka þátt í einhverju sem það virkilega nýtur sín í með því að leyfa því að prófa það sem það vill.

Börn sem hafa jafnvel sagst ekki þola íþróttir gætu þó fengið áhuga á hópíþróttum þegar hæfni þeirra og færni batna og þroskast og þau hafa fundið sér íþrótt sem þeim líkar. Þó hópíþróttir höfði ekki til allra er margt sem börn geta gert til þess að fá þær sextíu mínútur af daglegri hreyfingu sem mælt er með. Bæði er frjáls leikur mjög mikilvægur og svo geta þau stundað einstaklingsíþróttir eða aðrar skipulagðar æfingar.







**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 | Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

## atvinna

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR**

ERUM MEÐ VANA SMIÐI,
VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA
SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.

HANDAFL EHF    S. 777 2 333

---

Lækjarbrekka
Restaurant

**Lækjarbrekka leitar að öflugum einstaklingum**

**Vaktstjóri í eldhús**
- Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Ástríða fyrir matagerð

**Vaktstjóri í veitingasal**
- Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af sambærilegu starfi

Upplýsingar gefur Jón Tryggvi Jónsson í síma ***6959588*** eða ***jon@laekjarbrekka.is***

---

# Ertu að leita að talent?



Við finnum starfsmanninn fyrir þig

lind@talent.is



bryndis@talent.is

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

www.talent.is | talent@talent.is



---

BORGIR
FASTEIGNASALA

**Núpalind 6 - Opið hús í dag, 12. júlí kl. 17:30-18:00**



Björt 115 fm. íbúð á frábærum stað. Verslanir, skólar og tómstundir í göngufæri. Þrjú góð svefnherbergi, þvottahús í íbúð, björt stofa og stórar svalir. Lyfta í húsinu og tvö stæði í bílakjallara. **Ásett verð 45 milljónir.** Borgir leita að öllum eignum á skrá, fritt verðmat.



Ægir Breiðfjörð
Lögg. fasteignasali
aegir@borgir.is
Sími 896-8030



Sigríður Gunnlaugsd.
Lögg. fasteignasali
sag@borgir.is
Sími 861-1123



Ólafur Freyr Birkisson
Söluf. og laganemi
olafur@borgir.is
Sími 662-2535



Björn Stefánsson
Sölufulltrúi
bjorn@borgir.is
Sími 698-9056

---

## til sölu

# TIL SÖLU

Preform stálflekamót ásamt fylgihlutum
c.a. 40 lengdarmeter í vegg

Einnig Benosato byggingakrani

Upplýsingar í síma 892-8910 (Einar)

---

# Takk fyrir strákar!

Takk fyrir skemmtunina.
Takk fyrir árangurinn.
Þið eruð sannir víkingar.

íshúsið
viftur.is
-andaðu léttar





✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigurður Oddur Gunnarsson**
frá Bjarnastöðum,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands miðvikudaginn 6. júlí. Útförin fer fram frá Skálholtsdómkirkju föstudaginn 15. júlí kl. 14.00. Jarðsett verður í Mosfellskirkjugarði.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Elín Lára Sigurðardóttir**



✝

Faðir okkar,

**Hannes J.S. Sigurðsson**
læknir,

lést á heimili sínu sunnudaginn 3. júlí sl. Útförin verður gerð frá Dómkirkjunni í Reykjavík, miðvikudaginn 13. júlí kl. 15.00.

Blessuð sé minning hans.

**Theodóra Hannesdóttir**
**Rebekka Hannesdóttir**
**Jóhann Benedikt Hannesson**



✝

Yndisleg dóttir okkar,
systir og barnabarn,

**Klara Smith Jónsdóttir**

lést miðvikudaginn 6. júlí að heimili sínu, Austurkór 3b í Kópavogi. Útför hennar fer fram í Kópavogskirkju föstudaginn 15. júlí kl. 13.00.

**Jón Páll Björnsson, Ásdís Kr. Smith, Hekla Kaðlín Smith Jónsdóttir, Sjöfn Pálfríður Jónsdóttir, Klara Jóhannsdóttir og Hörður Jónsson, Óskar Smith Grímsson og Þrúður Gunnlaugsdóttir**




**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

*Við andlát ástvinar Nærgætni, hlýja og virðing*

**Áratuga reynsla við útfararþjónustu**




*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

**Útfararstofa kirkjugarðanna**
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



**Mist Þorkelsdóttir samdi Íslenska svítu árið 1994 í Boston þegar henni varð hugsað til Íslands.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ungfónía flytur íslenska svítu í Langholtskirkju

## Sinfóníuhljómsveit unga fólksins leikur 1. sinfóníu Mahlers og Íslenska svítu eftir Mist Þorkelsdóttur í kvöld klukkan átta. Stjórnandi sinfóníunnar er Gunnsteinn Ólafsson.

„Íslensk svíta var skrifuð árið 1994. Þá var ég búsett í Boston, hafði búið þar í fimm ár og sá ekki fyrir endann á þeirri útlegð (árin urðu næstum tíu). Allan tímann héldum við mjög íslenskt heimili, héldum vel og rækilega upp á íslenskar hefðir og tyllidaga og pössuðum upp á tungumálið hjá börnum okkar, m.a. með því að vera dugleg að lesa íslenskar bækur og syngja íslensk lög.

Í þessu umhverfi varð svítan mín til, alveg að tilefnislausu, þegar ég hafði tíma til að setjast við eldhúsborðið og hugsa pínulítið heim,“ segir Mist Þorkelsdóttir tónskáld en Sinfóníuhljómsveit unga fólksins leikur Íslenska svítu eftir Mist og 1. sinfóníu Mahlers í Langholtskirkju í kvöld klukkan átta.

Sinfóníuhljómsveit unga fólksins, Ungfónía, var stofnuð haustið 2004. Hljómsveitin er skipuð nemendum úr tónlistarskólum á höfuðborgarsvæðinu, LHÍ og við tónlistarháskóla erlendis á aldrinum 13-25 ára. Einleikarar og einsöngvarar með hljómsveitinni eru jafnan nemendur að ljúka framhaldsnámi erlendis eða nýkomnir heim frá námi. Að þessu sinni leika einnig nokkrir ungir erlendir tónlistarmenn með hljómsveitinni. Hljómsveitin hefur tekist á við þrjú til fjögur verkefni á ári og haldið tónleika víða um land. Hljómsveitin leggur áherslu á að flytja ný íslensk verk. Þannig er Íslensk svíta 23. verkið sem hún flytur eftir íslenskt tónskáld, þar af hefur hljómsveitin frumflutt tólf.

Gunnsteinn Ólafsson er stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar unga fólksins. Hann stundaði fiðlunám við Tónlistarskóla Kópavogs, síðar Tónlistarskólann í Reykjavík og stjórnaði Kór Menntaskólans í Kópavogi samhliða námi þar. Hann nam tónsmíðar hjá Jóni Ásgeirssyni og stundaði síðan framhaldsnám í fjögur ár við Franz Liszt-tónlistarakademíuna í Búdapest og önnur fjögur ár í hljómsveitarstjórn við Tónlistarháskólann í Freiburg í Þýskalandi. **olof@frettabladid.is**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Axel Guðmundsson**
rafeindavirkjameistari og framkvæmdastjóri,
Vallargerði 2d, 600 Akureyri,

lést í faðmi fjölskyldunnar föstudaginn 8. júlí á heimili sínu. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 15. júlí kl. 10.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að styrkja Heimahlynningu Akureyrar.

**Guðbjörg Tómasdóttir**
**Magnús Axelsson** **Stella Kristinsdóttir**
**Arna Axelsdóttir** **Þórður Daníelsson**
**Guðmundur Tómas Axelsson** **Jónína Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Minningarathöfn um
móður okkar og systur,

**Katrínu (Listu) Jónsdóttur**

verður haldin í Stykkishólmskirkju,
föstudaginn 15. júlí 2016, klukkan 15.00.

**Eiríkur, Audery og Elsa-Dóra Amsellen**
**Sigurjón, Sigríður, Ingibjörg, Högni, Rannveig,**
**Áslaug og Sif Jónsbörn**



✝

Ástkær eiginkona mín, systir,
móðir okkar, tengdamamma,
amma og langamma,

**Ástríður Jóhannsdóttir**
Mörk,
Suðurlandsbraut 60,

lést í faðmi fjölskyldunnar þriðjudaginn 5. júlí á hjúkrunarheimilinu Skjóli. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju 22. júlí, kl. 13.00.

**Helgi Ó. Björnsson**
**Esther A. Jóhannsdóttir**
**Björn Helgason** **Ásta Harðardóttir**
**Sigrún H. Helgadóttir** **Alfred G. Matthíasson**
**Anna Helgadóttir** **Gunnar Kristófersson**
**Jóhann Helgason**



✝

Minn ástkæri og yndislegi sonur og
fóstursonur, dóttursonur, frændi og
barnabarnabarn,

**Aron Hlynur Aðalheiðarson**
Glósölum 7,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans, mánudaginn 4. júlí. Útförin fer fram í Lindakirkju í Kópavogi, fimmtudaginn 14. júlí kl. 13.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð í hans nafni: 0537-14-407916, kt. 2610833969. Það sem safnast inn á sjóðinn mun fara til styrktar á tækjakaupum fyrir börn með taugasjúkdóma og langveik börn.

**Aðalheiður Erla Davíðsdóttir** **Fannar Þór Bergsson**
**Davíð Jón Ingibjartsson** **Stella Leifsdóttir**
**Berglind Rós Davíðsdóttir** **Arnar Oddfríðarson**
**Ingibjartur Bjarni Davíðsson** **Ólína Jónsdóttir Lyngmo**
**Hörður Ingi, Þórdís Lilja, Stella Rós,**
**Kristín og Davíð Jón**
**Dollý Nielsen** **Pétur Sveinsson**
**Aðalheiður Á. Davíðsdóttir**




## The Open er á Golfstöðinni!

**Fylgstu með öllum bestu kylfingum heims á Opna meistaramótinu sem fer fram á The Royal Troon vellinum í Skotlandi.**

**Hver hreppir einn eftirsóttasta bikar í heimi í einu elsta og virtasta móti heims?**
The Open - 14. til 17. júlí á Golfstöðinni.

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á **365.IS** EÐA Í SÍMA **1817**

365

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Þriðjudagur




Norðlæg átt á landinu í dag og víða fremur hægur vindur. Skýjað og dálítil rigning um landið austanvert, þurrt og bjart að mestu vestan til á landinu, en dálitlar skúrir sunnanlands. Hiti frá 6 til 17 stig, hlýjast suðvestanlands.

## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 13° | 8° | 9° |
| 6 | 4 | 1 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 8° | 12° | 9° |
| 3 | 5 | 4 |

## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 11° | 10° | 14° |
| 9 | 6 | 2 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 13° | 11° | 8° |
| 5 | 6 | 10 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. umstang
6. fingerð líkamshár
8. for
9. hluti verkfæris
11. leyfist
12. skopleikrit
14. tekník
16. ætíð
17. skörp brún
18. kerald
20. 49
21. skrifa

**LÓÐRÉTT**
1. skref
3. skóli
4. vesalingur
5. bar
7. eilífð
10. frjó
13. atvikast
15. liðormur
16. áverki
19. ólæti



**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ómak, **6.** ló, **8.** aur, **9.** orf, **11.** má, **12.** farsi, **14.** tækni, **16.** sí, **17.** egg, **18.** áma, **20.** il, **21.** rita.
**LÓÐRÉTT: 1.** klof, **3.** ma, **4.** aumingi, **5.** krá, **7.** óratími, **10.** fræ, **13.** ske, **15.** igla, **16.** sár, **19.** at.

### Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 9 | | | 2 | | | |
| | | | | 7 | 5 | 6 | 9 | |
| | 5 | | 8 | | 4 | | | 7 |
| | 9 | 3 | 4 | | 8 | | | 5 |
| 4 | 8 | 1 | | | 3 | | | 9 |
| | | 7 | | 6 | | 3 | 4 | |
| | | 8 | 5 | | | | | |
| | 3 | | 1 | | 9 | | 5 | |
| 1 | | | | 8 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 9 | 2 | | 5 | | | |
| | | | 9 | | | | | 4 |
| 2 | 5 | 7 | 3 | 4 | | | | |
| 9 | | | | 5 | 3 | | | |
| | 2 | 6 | | | | | | 3 |
| 3 | | | | | | 6 | | 9 |
| 5 | | 4 | | 7 | | 2 | | 6 |
| | | 1 | | | | 7 | 4 | |
| | | | | | 8 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 7 | 3 | | |
| 7 | | | 6 | | | | 9 | 4 |
| | | 1 | | 4 | | | | 6 |
| | | 4 | | 2 | 5 | | 8 | |
| 6 | | | | | | 9 | 5 | |
| | | 5 | 3 | | 9 | | | |
| | | | | 7 | | | | |
| | | 8 | | | | 4 | | |
| | 5 | 6 | | | | 2 | | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | 1 | 6 | 9 | 2 | 7 | 8 | 4 |
| 7 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 | 6 | 9 | 5 |
| 8 | 9 | 6 | 4 | 5 | 7 | 2 | 3 | 1 |
| 5 | 1 | 8 | 7 | 6 | 9 | 4 | 2 | 3 |
| 2 | 3 | 7 | 1 | 4 | 8 | 5 | 6 | 9 |
| 9 | 6 | 4 | 2 | 3 | 5 | 8 | 1 | 7 |
| 4 | 7 | 3 | 9 | 8 | 6 | 1 | 5 | 2 |
| 6 | 2 | 9 | 5 | 7 | 1 | 3 | 4 | 8 |
| 1 | 8 | 5 | 3 | 2 | 4 | 9 | 7 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 8 | 2 | 7 | 1 | 5 | 3 | 9 |
| 5 | 2 | 7 | 3 | 9 | 6 | 1 | 4 | 8 |
| 9 | 1 | 3 | 8 | 5 | 4 | 6 | 7 | 2 |
| 2 | 3 | 4 | 6 | 1 | 8 | 7 | 9 | 5 |
| 8 | 5 | 6 | 7 | 2 | 9 | 4 | 1 | 3 |
| 1 | 7 | 9 | 4 | 3 | 5 | 8 | 2 | 6 |
| 7 | 4 | 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 8 | 1 |
| 6 | 8 | 1 | 9 | 4 | 2 | 3 | 5 | 7 |
| 3 | 9 | 5 | 1 | 8 | 7 | 2 | 6 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 6 | 1 | 8 | 9 | 2 | 4 | 3 | 7 |
| 8 | 7 | 9 | 1 | 3 | 4 | 2 | 5 | 6 |
| 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 1 |
| 3 | 5 | 6 | 4 | 2 | 1 | 7 | 8 | 9 |
| 9 | 2 | 8 | 7 | 5 | 6 | 1 | 4 | 3 |
| 1 | 4 | 7 | 9 | 8 | 3 | 5 | 6 | 2 |
| 7 | 8 | 3 | 2 | 4 | 9 | 6 | 1 | 5 |
| 4 | 9 | 2 | 6 | 1 | 5 | 3 | 7 | 8 |
| 6 | 1 | 5 | 3 | 7 | 8 | 9 | 2 | 4 |

### Skák Gunnar Björnsson

David Bronstein átti leik gegn Goldenov í Kiev árið 1944.

**1. Hc8! Hxc8 2. Hxc8.** Svartur gaf enda mát eða drottningartap ekki umflúið. Landsliðsmennirnir Hjörvar Steinn og Guðmundur Kjartansson eru að gera það gott á alþjóðlegum mótum þessa dagana.

**www.skak.is:** Nýjar skákfréttir alla daga.

**Hvítur á leik**






## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



blómaval

Gerðu betri kaup á útsölu Blómavals

# ÚTSALA BLÓMAVALS

# 20-50% afsláttur

- Sumarblóm: **20-40%**
- Trjáplöntur og runnar: **50%**
- Fjölærar plöntur: **20%**
- Garðstyttur: **30%**
- Garðálfar: **30%**
- Útipottar og svalaker: **30%**















# Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

## 12. JÚLÍ 2016

### Tónlist

**Hvað?** Burt Bacharach
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Eldborgarasal Hörpu
Gamla brýnið Burt Bacharach hefur fyrir óralöngu síðan sungið sig inn í hjörtu heimsbyggðarinnar og nú er röðin komin að okkur Íslendingum. Hinn 87 ára gamli hjartaknúsari hefur engu gleymt og mun vafalaust stara beint í augu flestra í salnum þegar hann tekur smelli eins og What's new pussycat og Raindrops keep fallin' on my head. Miðaverð frá 6.990 krónum.

**Hvað?** Edgar Smári og hljómsveit
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Söngvarinn Edgar Smári sem flestir kannast við úr Luxor, fyrsta íslenska boybandinu, verður ásamt hljómsveit á Rosenberg þetta þriðjudagskvöldið.



Gamla brýnið hann Burt Bacharach ætlar að syngja og spila í Hörpunni í kvöld. MYND/GETTY

**Hvað?** ErraTAK
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Björtuloft, Hörpu
Samvinnuverkefni hópanna Errata Collective frá Íslandi og TAK frá Bandaríkjunum. Errata Collective er listahópur skipaður fimm tónskáldum á meðan TAK er kammerhópur frá New York. Miðaverð frá 2.000 krónum.

**Hvað?** Orang Volante
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Prikið
Orang Volante spilar nett hás á Prikinu og það verður áreiðanlega svaka sveifla í gangi.

**Hvað?** Reykjavík Classics
**Hvenær?** 12.30
**Hvar?** Kaldalón, Hörpu
Hálftíma langir tónleikar þar sem sumir af færustu tónlistarmönnum landsins spila helstu meistaraverk klassískrar tónlistar í Hörpunni.

**Hvað?** Sinfóníuhljómsveit unga fólksins
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Langholtskirkja
Sinfóníuhljómsveit unga fólksins leikur 1. sinfóníu Mahler í Langholtskirkju þriðjudagskvöld kl. 20.00. Einnig leikur hljómsveitin Íslenska svítu eftir Misti Þorkelsdóttur. Stjórnandi er Gunnsteinn Ólafsson.

### Uppákomur

**Hvað?** Ljóðalestur
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Kaffi Vínyl
Ljóðalestur þar sem að minnsta kosti sjö skáld lesa, jafnvel fleiri. Þessi skáld eru Ísak Regal, Ólöf Rún Benediktsdóttir, Anton Helgi Jónsson, Soffía Lára , Eydís Blöndal, Lommi og Bjarni Bernharður.

**Hvað?** Íslenska teiknibókin
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Flói, Hörpu
Hið einstaka miðaldahandrit íslenska teiknibókin verður til sýnis í Flóa. Bókin er svokölluð fyrirmyndabók sem inniheldur teikningar sem listamenn miðalda notuðu sem fyrirmyndir, sér í lagi við trúarlega list.

**Hvað?** Improv Ísland
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra
Improv Ísland, eða Improv Iceland eins og þau kalla sig í kvöld - því að þessi sýning verður á ensku fyrir „the tourists". Eðli málsins samkvæmt verður öll sýningin spuni og búin til á staðnum. Miðaverð er 2.000 krónur og bjór verður svaka ódýr þangað til 22.

### Listasýningar

**Hvað?** Pétur Thomsen: Tíð / Hvörf
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Listasafn Árnesinga
Sýning Péturs Thomsen í Listasafni Árnesinga mun standa yfir í allt sumar. Pétur notar stafræna myndavél til að fanga þær breytingar sem gangur tímans hefur á nærumhverfi okkar.

**Hvað?** Þinn heimur
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Perlunni
Samsýning fimm listamanna í Perlunni sem mun standa út júlí. Skúlptúrar, málverk og fleiri munir til sýnis.

**Hvað?** Rúrí: Tíma - Tal
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Listasafn Árnesinga
Myndlistakonan Rúrí er auðvitað flestum mjög kunn og sýnir hún um þessar mundir vangaveltur sínar á gangi tímans í Listasafni Árnesinga og mun sýningin standa út þennan mánuð.

**Hvað?** Arnfinnur Amazeen: Undirsjálfin vilja vel
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Hafnarhús
Sýning Arnfinns er í D-sal Hafnarhússins þar sem ungir og efnilegir listamenn sýna verk sín. Í sýningunni fæst Arnfinnur við hversdagsleikann og hlutverk manneskjunnar í honum. Sýningin mun standa út þennan mánuð.

**Hvað?** Náttúruafl - Ásta Guðmundsdóttir
**Hvenær?** 09.00
**Hvar?** Flóra, Akureyri
Fatahönnuðurinn og listakonan Ásta Guðmundsdóttir sýnir í Flóru á Akureyri. Sýningin er eins og nafnið gefur til kynna undir áhrifum frá náttúrunni.

**Hvað?** Horfur - Charlotta María Hauksdóttir
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Ljósmyndasafn Reykjavíkur
Ljósmyndasýning Charlottu Maríu verður í gangi allan þennan mánuð og alveg fram til 9. ágúst.

**Hvað?** Fín sýning – Sævar Karl
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Norræna húsið
Sævar Karl sýnir stór abstraktverk í anddyri Norræna hússins og er það liður í verkefninu Listamaður í anddyrinu hvers takmark er að kynna norræna og baltneska myndlist.

**Hvað?** Hin leynda hula - fyrirlesturinn
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Skaftfell, Seyðisfirði
Ásta Fanney Sigurðardóttir flytur gjörning sinn Hin leynda hula á slaginu 17:00 í Skaftfelli.







# ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

**SENDUM FRÍTT ÚR VEFVERSLUN**



















## OKKAR STÆRSTA ÚTSALA FRÁ UPPHAFI

**Rauði kross Íslands**

Á undanförnum 3 árum höfum við unnið með Rauða krossinum við að safna notuðum flíkum. Þegar barnið þitt er vaxið upp úr sinni stærð hefur þú kost á að koma með flíkina og fá aðra með 20% afslætti.

Lín DESIGN

LAUGAVEGI 176 | GLERÁRTORGI | KRINGLAN | LINDESIGN.IS

# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur

## STÖÐ 2

**07.00 Simpson-fjölskyldan**
**07.20 Mike and Molly**
**07.45 Ærlslagangur Kalla kanínu og félaga**
**08.10 The Middle**
**08.35 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.15 Junior Masterchef Australia**
**11.05 Suits**
**11.50 Jamie & Jimmy's Food Fight Club**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The X Factor UK**
**14.05 The X Factor UK**
**14.50 The X Factor UK**
**15.50 Nashville**
**16.35 Nashville**
**17.20 Simpson-fjölskyldan**
**17.40 Bold and the Beautiful**
**18.05 Nágrannar** Fylgjumst nú með lífinu í Ramsey-götu en þar þurfa íbúar að takast á við ýmis stór mál eins og ástina, nágranna- og fjölskylduerjur, unglingaveikina, gráa fiðringinn og mörg, mörg fleiri.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.50 Íþróttir** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.10 Friends** Joey reynir að næla sér í stórt kvikmyndahlutverk þar sem hann þarf að koma fram nakinn, en vandamál kemur upp þegar hlutverkið krefst leikara sem er ekki umskorinn. Það er nóg um að vera hjá Rachel og Phoebe við að skipuleggja gæsapartíið hennar Monicu og Ross verður hrifinn af frænku sinni.
**19.30 The Comeback**
**20.05 2 Broke Girls**
**20.25 The Detour**
**20.50 Rush Hour**
**21.35 Murder in the First** Önnur syrpan af þessum hörkuspennandi þáttum. Fjöldamorðingi gengur laus í San Francisco, lögreglumaður lætur lífið á dularfullan hátt og þungt óvissuský hvílir yfir rannsóknarlögregludeildinni.
**22.15 Outsiders**
**23.00 Mistresses**
**23.45 Bones**
**00.30 Orange is the New Black**
**01.25 You're The Worst**
**01.50 NCIS**
**02.35 Tyrannosaur** Dramatísk mynd frá 2011 um mann sem fær annað tækifæri í lífinu eftir að hann kynnist konu sem breytir sýn hans á lífið.
**04.05 Ice Soldiers** Spennumynd frá árinu 2013 sem fjallar um vísindamanninn Malroux sem finnur þrjá frosna, genabreytta líkama þriggja rússneskra hermanna. Með því að vekja þá til lífsins leysir hann úr læðingi gífurlega ógn á samfélagið og verður fyrir alla muni að stöðva þá.
**05.40 Public Morals**

## SPORT

**08.40 Þróttur R. - Fylkir**
**10.30 Pepsímörkin**
**12.05 Fram - Selfoss**
**13.45 Markaþáttur Pepsí deildar kvenna**
**14.30 Wimbledon Tennis**
**16.25 Þróttur R. - Fylkir**
**18.15 Pepsímörkin**
**19.50 Leiknir R. - Leiknir F.** BEINT
**22.00 Markaþáttur Pepsí deildar kvenna**
**22.45 Sumarmessan**
**23.30 UFC Now**
**00.20 Golden State - Cleveland**

## STÖÐ 3

**17.40 Raising Hope**
**18.05 The Big Bang Theory**
**18.25 Modern Family**
**18.50 Fóstbræður** Íslenskt gæðagrín eins og það gerist best, hér fara hinir goðsagnakenndu Fóstbræður á kostum með sprenghlægilegu og frumlegu gríni. Fóstbræður voru Sigurjón Kjartansson, Jón Gnarr, Helga Braga Jónsdóttir og fleiri framúrskarandi leikarar og grínarar, eins og t.a.m. Hilmir Snær Guðnason og Benedikt Erlingsson sem komu ríkulega við sögu í fyrstu þáttaröðinni.
**19.25 Entourage**
**19.50 Dulda Ísland**
**20.45 Last Man Standing** Skemmtilegir gamanþættir með grínaranum Tim Allen í hlutverki karlmans sem lifir og hrærist í miklu kvennaríki, bæði í vinnunni og heima fyrir. Mike Baxter (Allen) og kona hans ala í sameiningu upp þrjár dætur, og þar gengur oft á ýmsu.
**21.10 Silicon Valley**
**21.40 Graceland**
**22.25 Legends of Tomorrow**
**23.05 Salem**
**23.55 Fóstbræður**
**00.25 Entourage**
**00.50 Dulda Ísland**
**01.40 Last Man Standing**
**02.05 Silicon Valley**
**02.35 Tónlist**

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00 Könnuðurinn Dóra**
**07.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**07.47 Ævintýraferðin**
**08.00 Áfram Diego, áfram!**
**08.24 Svampur Sveins**
**08.49 Lalli**
**08.55 UKI**
**09.00 Kalli á þakinu**
**09.25 Latibær**
**09.48 Hvellur keppnisbíll**
**10.00 Ofurhundurinn Krypto**
**10.25 Strumparnir**
**10.47 Stóri og litli**
**11.00 Könnuðurinn Dóra**
**11.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**11.47 Ævintýraferðin**
**12.00 Áfram Diego, áfram!**
**12.24 Svampur Sveins**
**12.49 Lalli**
**12.55 UKI**
**13.00 Kalli á þakinu**
**13.22 Latibær**
**13.45 Hvellur keppnisbíll**
**14.00 Ofurhundurinn Krypto**
**14.25 Strumparnir**
**14.47 Stóri og litli**
**15.00 Könnuðurinn Dóra**
**15.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**15.47 Ævintýraferðin**
**16.00 Áfram Diego, áfram!**
**16.24 Svampur Sveins**
**16.49 Lalli**
**16.55 UKI**
**17.00 Kalli á þakinu**
**17.22 Latibær**
**17.45 Hvellur keppnisbíll**
**18.00 Ofurhundurinn Krypto**
**18.25 Strumparnir**
**18.47 Stóri og litli**
**19.00 Furðufuglar**

## GOLFSTÖÐIN

**12.00 Scottish Open**
**16.10 Golfing World**
**17.00 PGA Tour - Highlights**
**17.55 Cambria Portland Classic**
**20.30 Inside The PGA Tour**
**20.55 Quickens Loans National**

## BÍÓSTÖÐIN

**11.55 The Prince and Me 3: A Royal Honeymoon** Rómantísk gamanmynd um Edward konung og Paige drottningu sem fara í brúðkaupsferð til Belaviu þar sem þau komast að lævísum áformum danska forsætisráðherrans um að eyðileggja fallegt landsvæði sem er í eigu konungsríkisins í gróðaskyni. Brúðkaupsferðin breytist því í eitthvað allt annað en Edward og Paige sáu fyrir sér og töluvert meira spennandi í þokkabót þar sem þau beita sér fyrir því að koma í veg fyrir spillinguna
**13.30 Prelude to a Kiss**
**15.15 The Mask**
**16.55 The Prince and Me 3: A Royal Honeymoon**
**18.30 Prelude to a Kiss**
**20.15 The Mask** Heimsfræg metaðsóknarmynd með stórstjörnunni Jim Carrey í aðalhlutverki. Þegar hinn litlausi bankastarfsmaður, Stanley Ipkiss, finnur forna grímu, gjörbreytist líf hans. Í hvert sinn sem hann setur upp grímuna breytist hann í ósigrandi ofurmenni.
**22.00 Interstellar**
**00.50 The Normal Heart** Áhrifamikil mynd frá 2014 með Mark Ruffalo, Alec Baldwin, Matt Bomer, Jim Parsons og Julia Roberts í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um ungan mann sem reynir að vekja athygli á AIDS og hættum þess.
**03.00 April Rain**
**04.35 Interstellar**

## RÚV

**17.10 Vestmannaeyjar í 50 ár**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Hopp og hí Sessamí**
**18.25 Ævar vísindamaður III**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Þú ert hér**
**20.00 Ekki bara leikur**
**20.30 Átök í uppeldinu**
**21.15 Innsæi**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Vitni**
**23.10 Stúlkurnar í Anzac**
**00.10 Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rules of Engagement**
**08.20 Dr. Phil**
**09.00 America's Next Top Model**
**09.45 Hotel Hell**
**10.30 Pepsi MAX tónlist**
**11.45 The Biggest Loser - Ísland**
**12.50 Dr. Phil**
**13.30 Angel From Hell**
**13.55 Top Chef**
**14.40 Melrose Place**
**15.25 Telenovela**
**15.50 Survivor**
**16.35 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**17.15 The Late Late Show with James Corden**
**17.55 Dr. Phil**
**18.35 Everybody Loves Raymond**
**19.00 King of Queens**
**19.25 How I Met Your Mother**
**19.50 Black-ish**
**20.15 Crazy Ex-Girlfriend**
**21.00 Rosewood**
**21.45 Minority Report**
**22.30 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**23.10 The Late Late Show with James Corden**
**23.50 Brotherhood**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin





**RUSH HOUR**
Bráðskemmtilegir spennuþættir sem eru byggðir á samnefndri kvikmynd og fjalla um tvo gerólíka lögreglumenn sem stilla saman strengi sína og samvinna þeirra endar oft á tíðum með spaugilegum uppákomum.

FRÁBÆR
ÞRIÐJUDAGUR
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365

**THE DETOUR**
Nate fer í ferðalag með fjölskyldu sinni og það verður talsvert viðburðaríkara en hann bjóst við. Hér er á ferðinni frábær gamanþáttur sem léttir lund á þriðjudagskvöldi.



**MURDER IN THE FIRST**
Stórgóðir spennuþættir þar sem Englis og Mulligan rannsaka flókin glæpamál sem upp koma í San Francisco.



**OUTSIDERS**
Hörkuspennandi þættir um Farrell fjölskylduna, eins konar utangarðsfólk sem lifir eftir eigin reglum hátt uppi í Appalachia-fjöllum.



**INTERSTELLAR**
Frábær mynd sem gerist í framtíðinni þegar jörðin fer að upplifa skort með stórleikurunum Matthew McConaughey og Anne Hathaway í aðalhlutverkum.



**GRACELAND**
Spennandi þáttasería um ungan nýliða í Bandarísku alríkislögreglunni sem er sendur til starfa í Kaliforníu undir fölsku flaggi í innsta hring glæpasamtaka.



Krakka Stöðin
**FURÐUFUGLAR**
Skemmtileg teiknimynd um kalkúninn Reggie sem hefur verið náðaður af forseta Bandaríkjanna og lifir þægilegu lífi í Camp David.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is




Nýr Hyundai i10 hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir glæsilega hönnun og frágang. Hyundai i10 er án efa einn skemmtilegasti smábíllinn á markaðnum. Blaðamenn sem prófuðu nýjan Hyundai i10 voru á einu máli um að hér væri á ferðinni einstakur smábíll í hæsta gæðaflokki.

Hyundai i10 - Verð frá 1.990.000 kr.

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

UEFA EURO2016 FRANCE

5 YEAR Unlimited Mileage Warranty

Comfort útgáfa verð 2.190.000 kr. / upphitað leðurstýri / upphituð sæti / upphitaðir rafdrifnir speglar /rafdrifnar fram- og afturrúður / ESP stöðugleikastýring / hljómtæki með geislaspilara, MP3 afspilun, USB og iPod tengi.
Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð. *Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

Hyundai / Kauptúni 1 / Sími 575 1200 / www.hyundai.is

# Á Pokémon-veiðar með snjallsímanum

Ef þú sérð manneskju með andlitið grafið ofan í snjallsímann á þeysingi út um allt eru ágætis líkur á því að viðkomandi sé í þann mund að næla sér í sjaldgæfan Pokémon.



Leikurinn er spilaður í gegnum myndavél símans og á skjánum birtast Pokémon-fígúrurnar. Hér hefur vatnafígúrum verið bætt við myndina þar sem Pokémonarnir finnast á ólíkum stöðum sem taka mið af aðstæðum. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

Flestir ættu að kannast við Pokémon en fyrirbærið náði miklum vinsældum eftir 1995. Margir tengja það við Game Boy leikina sem áttu miklum vinsældum að fagna auk sjónvarpsþátta og safnspila.

Lítið hefur farið fyrir fyrirbærinu undanfarin ár. Þar til 6. júlí síðastliðinn þegar beta-útgáfa af snjallsímaleiknum Pokémon Go kom út og hefur vakið athygli um heim allan. Sem stendur er leikurinn ekki fáanlegur í gegnum App Store á Íslandi en með einföldum klækjum er hægt að verða sér úti um hann og eru þó nokkrir Íslendingar komnir á fullt á Pokémon-veiðar.

Leikurinn gengur í stuttu máli út á að safna Pokémon-fígúrunum sem flestir ættu að kannast við og keppa um þær á sérstökum stöðvum. Í upphafi velur leikmaðurinn sér „avatar“ sem hann getur svo stíliserað að vild. Til þess að geta hreyft sig um heim Pokémonanna þarf leikmaðurinn sjálfur að færast um raunheiminn og ferðast á milli staða. Það er sem sagt ekki hægt að ferðast bara um Pokémon-heiminn uppi í sófa heima. Ólíka Pokémona má finna á ólíkum stöðum sem taka mið af aðstæðum í raunheiminum, svo sem hita- og rakastigi. Sem dæmi finnast svokallaðir Vatna-Pokémonar í nálægð við vatn.

Er leikar hefjast getur leikmaður valið um þrjá Pokémona, þá Charmander, Bulbasaur og Squirtle. Annað nýmæli er að leikmenn berjast ekki við Pokémonana sjálfa í heiminum til þess að ná þeim heldur á sá bardagi sér einungis stað á sérstökum stöðvum, en ef hann rekst á þá í heiminum þá þarf leikmaður að „grípa“ fígúruna með Pokéboltum. Í hvert sinn sem leikurinn er ræstur í símanum kemur upp áminning til leikmanns um að gæta vel að umhverfinu og horfa í kringum sig.

„Þetta er blanda af tveimur leikjum í rauninni, gömlu Pokémon-leikjunum sem við öll þekkjum og elskum og Ingress sem fyrirtækið Niantic gaf líka út fyrir nokkrum árum. Sá leikur varð aldrei mjög stór en var með ákveðin element sem þurfti til að búa til þennan leik, maður sér mikið af honum í þessum leik,“ segir



Sturla Freyr Magnússon, áhugamaður um fyrrnefndan leik og stofnandi Facebook-hópsins Íslenskir Pokémon þjálfarar.

Sturla segir samvinnu leikmanna mikilvæga og því hafi hann stofnað hópinn á Facebook en leikmenn velja á milli þriggja liða. „Það er mjög mikilvægt að liðin séu að vinna svolítið saman. Liðin eru með stöðvar, sem kallast „gym“. Þar er hægt að geyma sína Pokémona og þá er erfiðara fyrir hin liðin að koma og taka þá og þeir sem eru í þínu liði geta líka nýtt sér það,“ segir Sturla og bætir við að um töluverðan samfélagsleik sé að ræða og því fleiri sem séu að spila hann í nánasta umhverfi leikmannsins, því skemmtilegri sé hann.

**ÞAÐ ER MJÖG MIKILVÆGT AÐ LIÐIN SÉU AÐ VINNA SVOLÍTIÐ SAMAN.**

Sturla hvetur því alla áhugasama Pokémon Go spilara til þess að skrá sig inn í hópinn en um komandi helgi verður skipulögð stórveiði þar sem markmiðið er að koma nokkur saman á ákveðnum Pokéstop, stað þar sem hægt er að nálgast ýmiss konar nytsamlega hluti í leiknum, og draga þannig að sér fleiri Pokémona. Nánar verður auglýst um veiðina síðar og segir Sturla hana fullkomið tækifæri fyrir þá sem eru að taka fyrstu skrefin í leiknum eða þyrstir að prófa. gydaloa@frettabladid.is

## HVAÐ ÞARFTU AÐ VITA?



**Pokémon**
Fígúrurnar sem þetta snýst allt saman um. 729 fígúrur eru til. Hægt er að flokka þær í „fjölskyldur“, margar eiga það til dæmis sameiginlegt að koma úr eggi.



**Pokékúla**
Kúlunni er kastað til þess að fanga Pokémon. Til þess að geta fangað Pokémona þarf að eiga nóg af Pokékúlum. En þær er til dæmis hægt að kaupa í leiknum og einnig leynast þær stundum á stöðvunum.



**Egg**
Í eggjunum eru Pokémonar. Til þess að láta þau klekjast út þarf leikmaður að fara yfir ákveðinn kílómetrafjölda.



**Lið**
Liðin eru þrjú: Gult, rautt og blátt. Liðin eru saman með ákveðnar stöðvar þar sem þau geta geymt sína Pokémona.

# Fleiri með Pokémon Go í símanum en Tinder



- Pokémon er ekki bara hægt að lýsa sem tölvuleik eða teiknimyndum heldur er um sérstakt fyrirbæri að ræða með fjölbreyttar birtingarmyndir. Pokémon var skapað af Satoshi Tajiri árið 1995 og hefur tölvuleikjaframleiðandinn Nitendo einkarétt á Pokémon.
- Pokémon-tölvuleikjaserían er sú tölvuleikjasería sem fagnar næst bestum árangri á eftir Maríóseríunni. Einnig hafa verið búnir til anime-þættir, manga-bækur, leikföng, bækur, safnspil og ýmislegt annað sem byggt er á Pokémonunum.
- Tvær íslenskar Facebooksíður eru fyrir leikinn. Í Íslenska Pokémon GO samfélaginu eru 373 meðlimir og í hóp Sturlu, Íslenskir Pokémon Þjálfarar eru meðlimir 245 þegar þetta er skrifað.
- Leikurinn kom út í beta-útgáfu 6. júlí og hefur heldur betur vakið athygli en hugmyndin að leiknum er sögð hafa kviknað árið 2013 í kjölfarið á aprílgabbi leitarvélarinnar Google. Það bar yfirskriftina Pokémon Challenge og kynnti með myndbandi leik sem er mjög áþekkur þeim sem nú er orðinn að veruleika. Það voru Satoru Iwate frá Nintendo og Tsunekazu Ishihara frá The Pokémon Company sem þróuðu aprílgabbið ásamt Google.
- Sólarhring eftir að leikurinn var settur inn á App Store var hann kominn á toppinn í flokkunum Top Grossing og Free.
- Leikurinn er vinsælli en stefnumótaappið Tinder í Android-farsímum í Bandaríkjum og er því spáð að hann muni brátt ná Twitter í daglegum virkum notendum.

BOSCH

Ný Bosch þvottavél

- með öllum þeim eiginleikum sem menn þurfa á að halda í dagsins önn.



Ný 9 kg þvottavél með íslensku stjórnborði.
1400 sn./mín. Orkuflokkur A+++. Kolalaus, hljóðlátur og sparneytinn mótor með 10 ára ábyrgð. Dropalaga tromla („VarioDrum“) sem fer einstaklega vel með þvottinn.
15 mín. hraðþvottakerfi. Skyrtukerfi. Tromluhreinsun.
Við hönnun vélarinnar hefur verið leitast við að gera hana mjög stöðuga og hljóðláta („antiVibration Design“).

9 kg | Kolalaus mótor | A+++ Orkuflokkur

Kynningarverð:
**89.900 kr.**
Þvottavél,
WAT 284B9SN

Við leggjum áherslu á hágæða vörur og fyrsta flokks þjónustu á góðu verði.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is








Sturla Atlas er ekki við eina fjölina felldur í listagrúskinu. Hann er líka leikari og talar inn á myndir meðfram tónlistinni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Hefur talað inn á teiknimyndir frá unga aldri

**Sturla Atlas** er þekktur sem ein vinsælasta poppstjarna landsins en er einnig nýútskrifaður leikari frá Listaháskóla Íslands og hefur talað inn á teiknimyndir síðan hann var 6 ára svo að hann er enginn byrjandi. Rödd hans er í stóru hlutverki í nýjustu Ice Age-myndinni.

Á morgun verður frumsýnd nýjasta myndin í Ice Age-seríunni – Ice Age: Collision Course. Margir af ástsælustu leikurum þjóðarinnar ljá rödd sína í íslenskri talsetningu myndarinnar, þar á meðal Felix Bergsson og Sigurbjartur Sturla Atlason, betur þekktur sem Sturla Atlas. Sturla er nýlega útskrifaður úr leiklistardeild Listaháskóla Íslands en hefur líka verið að gefa út tónlist undir Sturlu Atlas nafninu og gaf nýlega út plötuna Season 2.

„Það er alltaf gaman, ég fíla að döbba. Mér finnst það mjög skemmtilegt – það er skemmtileg vinna. Ég er búinn að döbba frekar mikið – ætli ég hafi ekki gert það fyrst þegar ég var sex ára. Ég hef döbbað frekar margar myndir, aðallega Disney-myndir,“ segir Sigurbjartur aðspurður að því hvernig honum líki að tala inn á teiknimyndir og hvort það sé eitthvað sem hann hafi gert áður.

**ÉG ER BÚINN AÐ DÖBBA FREKAR MIKIÐ – ÆTLI ÉG HAFI EKKI GERT ÞAÐ FYRST ÞEGAR ÉG VAR SEX ÁRA. ÉG HEF DÖBBAÐ FREKAR MARGAR MYNDIR, AÐALLEGA DISNEY-MYNDIR.**

„Hann heitir Julian. Hann er svona fíll, mammúti. Það eru þrjú stig þarna – rauður, gulur, grænn – rauður er mest, gulur milli og grænn minnst. Hann er gulur þannig að þetta er mjög næs supporting role,“ svarar Sturla því hvaða hlutverk hann talar fyrir í myndinni og hvort að um stóra rullu sé að ræða.



**Leikarinn Adam Devine talar fyrir karakterinn Julian. Devine þessi er hvað þekktastur fyrir stóner grínið Workaholics og Pitch Perfect-myndirnar.** NORDICPHOTOS/GETTY

Adam Devine talar fyrir Julian í amerísku útgáfunni en hann er þekktastur fyrir að vera einn af mönnunum bak við grínþættina Workaholics – en það eru nokkuð vinsælir þættir sem áttu upphaf sitt á YouTube en hafa síðan slegið í gegn á sjónvarpsstöðinni Comedy Central. Einnig hefur Adam Devine leikið í költ-myndunum Pitch Perfect ásamt því að hafa komið fram í ótal sjónvarpsþáttum. Hans stjarna virðist vera að rísa í grínheiminum í dag. Annars er það einvala lið Hollywood-stjarna sem kemur að Ice Age: Collision Course, en þar má nefna Simon Pegg, Jennifer Lopez, Ray Romano og Nick Offerman.

„Við erum bara eitthvað að spila hér og þar, verðum að spila í Eyjum um verslunarmannahelgina. Síðan er verið að þreifa fyrir alls konar öðru þá helgina. Annars er ég bara að fara í frí til L.A. Í leiklistinni er það leyniverkefni sem ég og Jóhann erum með, ég má ekki segja frá því. Þetta er risastórt leynilegt verkefni sem við erum að fara að gera. Þetta er stórt dæmi og mun örugglega vekja upp sterk viðbrögð,“ segir Sturla Atlas um hvað sé fram undan hjá honum í tón- og leiklistinni og greinilega nóg að gera hjá honum og strákunum í 101 boys. **stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# Loksins færðu stuðning í vinnunni

sedus

Knoll

Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / 5687733 / epal@epal.is / epal.is

epal

**Quarterback frá Sedus**
með færanlegri setu
og mjóbaksstuðningi.

**Verð áður: 134.000.-**

**Tilboðsverð:**

**98.000.-**





**Chadwick frá Knoll**
sameinar falleg form
og hámarksþægindi

**Verð áður: 196.100.-**

**Tilboðsverð:**

**137.000.-**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

Póstdreifing

**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


Bakþankar


Erlu Bjargar Gunnarsdóttur




## Nautnastunur

Það eru allir að njóta. Sumarsalat. Mmmm, ég ætla að njóta. Skrilljón kílómetrar að baki. Þrútin af áreynslu með ískaldan drykk í hendi. Nú verður sko notið. Í sumarbústað og mynd af börnum í heitum potti á samfélagsmiðlunum, í bakgrunni malar grillið. Njótið ykkar! er skrifað undir myndinni. Leyfa sér smá. Að njóta. Njóta punktur is.

Allar þessar sólarnautnir og nautnamiðlar búa til sumarfrískvíða. Ég er enn að venjast því að eiga rétt á langþráðu sumarfríi eftir mörg námsár með sumarfríslausu fæðingarorlofi inn á milli. Í ár fer ég seint í frí og því fær kvíðinn að dafna. Með hverjum sólardegi minnka nefnilega líkurnar á að það verði sól í mínu fríi. Varla verður sól á hverjum degi í sumar!

En ef það verður sól, þá fyrst er ég í klandri. Því þá neyðist ég til að njóta í botn. Fjallgöngur, hjólreiðar, sólbrúnir kroppar, vatnsslagur og dúndrandi hamingja. Helst ástarævintýri. Dugar ekki að njóta, það þarf líka að njótast. Þetta er svakalegt álag.

Vinkona mín sem er í löngu og góðu sumarfríi hringdi í mig um daginn. Hún var sumarbuguð. Hana langaði ekki í sund. Hana langaði ekki að fara í hjólreiðatúr. Hún nennti ekki að borða salat og drekka hvítvín með gamalli vinkonu og fara á trúnó. Hún nennti alls ekki að vera í kringum eirðarlaus sumarfrísbörnin sín sem biðja um eitthvað að borða á hálftíma fresti. Og spyrja hvað þau megi gera fyrst þau mega ekki fara í tölvuna því þau eiga að njóta sumarsins. Hvað gerum við í dag? Hvað er planið? Hana langaði helst af öllu að setja þau í hámarkstíma í barnapössun í Kringlunni, draga fyrir stofugluggann og horfa á vídjó.

Gerðu það bara, sagði ég við hana. Njóttu.








